



# Aukin þátttaka fjarstaddra feðra í umönnun barna

Rannsóknarskýrsla

Höfundur:

Nína Eck

[nae6@hi.is](mailto:nae6@hi.is)

kt. 160495-3089

September 2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Útdráttur

Tilgangur rannsóknarinnar er að fá innsýn í ástæður þess að fjarstaddir feður taka oft lítinn eða engan þátt í uppeldi barna sinna. Gagna var aflað með spurningakönnunum meðal feðra sem ekki deila lögheimili með börnum sínum. Þá var einnig framkvæmd eigindleg viðtalsrannsókn þar sem tekin voru viðtöl við sex feður og fimm starfsmenn barnaverndar og sýslumanns.

110 feður svöruðu spurningakönnun og niðurstöður spurningakönnunanna sýndu að 35% barnanna sem spurt var um nutu jafnrar umgengni við báða foreldra sína. En niðurstöður sýndu einnig að 29% barnanna sem spurt var um umgengust föður sinn minna en aðra hvora helgi og sumir feðranna áttu barn eða börn sem þeir höfðu ekki hitt síðustu 12 mánuðina.

Viðtöl við feðurna leiddu í ljós að þeir þekkja löggjöfina um rétt barns til umgengni við báða foreldra og þeir vilja umgangast börn sín. Þegar ágreiningur rís milli foreldra þá nær kerfið að þeirra mati ekki að leysa úr vandanum og dæmi voru um að feður gáfust upp eftir nokkra baráttu. Starfsmenn barnaverndar og sýslumanns kölluðu einnig eftir auknum úrræðum til þess að greiða úr ágreiningi foreldra og viðhalda tengslum þeirra við börn sín á meðan á ágreiningi stendur.

## Formáli

Rannsókn þessi hlaut styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna hjá Rannís og eru leiðbeinendur hennar Dr. Ingólfur V. Gíslason og Dr. Guðný Björk Eydal. Ég þakka sjóðnum fyrir styrkinn og leiðbeinendum fyrir þolinmæði og stuðning við undirbúning og framkvæmd rannsóknarinnar. Vinkonu minni og samnemanda, Bylgju Guðjónsdóttur Thorlacius, vil ég þakka fyrir andlegan stuðning og hughreystingar.

Ég vil þakka viðmælendum mínum innilega fyrir vilja þeirra til þátttöku. Hreinskilni þeirra og einlægni veitti mér dýrmætt tækifæri til að öðlast mikla innsýn í upplifun þeirra. Sérstakar þakkir fá einnig starfsmenn stofnananna sem var tekið viðtal við, þau Erla Guðrún Sigurðardóttir, Helga Jóna Sveinsdóttir, Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir, Stefanía Dögg Jóhannesdóttir og Anna Ýr Böðvarsdóttir.

Við undirbúning umsóknar og síðar rannsóknarinnar og viðtalsvísis var leitað til Ólafs Grétars Gunnarssonar, hjóna- og fjölskylduráðgjafa, Sæunnar Kjartansdóttur sálgreinis og rithöfundar, Ragnheiðar Láru Guðrúnardóttur félagsráðgjafa og sáttamanns, Daggar Pálsdóttur lögfræðings, Heimis Hilmarssonar félagsráðgjafa og Guðríðar Bolladóttur, yfirlögfræðings Umboðsmanns barna. Er þeim þakkað kærlega fyrir ráðgjöf og stuðning við framkvæmd rannsóknarinnar. Hallfríður Helgadóttir las skýrsluna með tilliti til málfars og er henni þakkað fyrir það.

<b>Efnisyfirlit</b>	
<i>Útdráttur</i> .....	<b>0</b>
<i>Formáli</i> .....	<b>2</b>
<i>Efnisyfirlit</i> .....	<b>3</b>
<i>Töflu- og myndaskrá</i> .....	<b>4</b>
<i>Inngangur</i> .....	<b>5</b>
<b>1. Löggjöf og réttindi barna til að þekkja foreldra sína</b> .....	<b>7</b>
<b>2. Áhrif fjarveru feðra á börn</b> .....	<b>10</b>
2.2 Umgengni íslenskra feðra við börn sín .....	<b>11</b>
<b>3. Málsmeðferð við ákvörðun forsjár, lögheimilis og umgengni</b> .....	<b>14</b>
3.2 Úrræði fyrir foreldra sem greinir á.....	<b>16</b>
<b>4. Aðferðir og framkvæmd</b> .....	<b>18</b>
4.1. Markmið .....	<b>18</b>
4.2. Gagnaöflun.....	<b>19</b>
4.3. Þátttakendur .....	<b>22</b>
<b>5. Niðurstöður spurningakannanna</b> .....	<b>23</b>
<b>6. Niðurstöður viðtalsrannsóknar meðal feðra</b> .....	<b>25</b>
6.1 Sorg.....	<b>27</b>
6.2 Vanmáttur .....	<b>28</b>
6.3 Ágreiningur .....	<b>30</b>
<b>7. Niðurstöður úr viðtölum við starfsfólk barnaverndar og sýslumanns</b> .....	<b>33</b>
7.1 Skortur á úrræðum meðal stofnana.....	<b>33</b>
7.2 Úrbætur .....	<b>35</b>
<b>8. Umræða</b> .....	<b>37</b>
<i>Heimildaskrá</i> .....	<b>40</b>
<i>Viðaukar/ fylgiskjöl</i> .....	<b>43</b>
1. Fyrri spurningakönnunin .....	<b>44</b>
2. Seinni könnunin .....	<b>46</b>
3. Viðtalsvísir fyrir viðtöl við feður .....	<b>47</b>
5. Viðtalsvísir fyrir viðtal við barnavernd Kópavogs.....	<b>50</b>
6. Viðtalsvísir fyrir viðtal við barnavernd Reykjavíkur.....	<b>51</b>
7. Viðtalsvísir fyrir viðtal við fulltrúa sýslumanns .....	<b>54</b>
8. Upplýst samþykki vegna viðtala við starfsmenn .....	<b>57</b>

## Töflu- og myndaskrá

Mynd 1 Yfirlit yfir umgengni feðra við börn sín .....	23
Tafla 1 yfirlit yfir niðurstöður seinni könnunarinnar: Ánægja með umgengni, úrskurðir, afskipti barnaverndar, veikindi föður, barn neitar umgengi .....	24
Mynd 2. Umgengni feðra sem tóku þátt í viðtalsrannsókn við börn sín.....	25
Tafla 2. Bakgrunnur, aðstæður og tilhögun umgengni viðmælenda við börn sín.....	26

## Inngangur

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (nr. 18/1992) kemur fram að það er réttur barns að þekkja báða foreldra sína og njóta umönnunar þeirra. Þrátt fyrir að samfélagið á Íslandi færir nær markmiðum um jafnrétti kynjanna á hverju ári virðist sem svo að enn halli á þátttökuhlutfall feðra, sérstaklega fjarstaddra feðra, þ.e. feðra sem ekki deila lögheimili með börnum sínum, í umönnun barna sinna. Fjarstaddir feður nýta síður rétt sinn til fæðingarorlofs en feður sem deila lögheimili með börnum sínum og í flestum tilvikum eiga börn lögheimili hjá móður. Ef feður búa ekki með barnsmóður við fæðingu er hún sjálfkrafa skráð ein með forsjá en algengast er að foreldrar fari sameiginlega með forsjá eftir skilnað eða sambúðarslit. Í skýrslu sem var unnin um fjárhagsstöðu foreldra í mismunandi fjölskyldugerðum kemur fram að í byrjun árs 2008 áttu 12.414 feður börn sem voru ekki með lögheimili skráð hjá þeim á mótí 1.549 mæðrum. Þannig voru 27,9% allra feðra á Íslandi í þeirri stöðu að eiga barn sem ekki var skráð til heimilis hjá þeim (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009). Upplýsingar um forsjárskiptingu hafa ekki legið fyrir síðan 2011. Engar heildstæðar upplýsingar er að finna um fyrirkomulag umgengni barna við foreldra sína sem búa ekki saman.

Tilgangur rannsóknarinnar er að fá innsýn í ástæður þess að fjarstaddir feður taka oft lítinn eða engan þátt í uppeldi barna sinna. Hér er leitast við að svara rannsóknarspurningunni „Hvað kemur í veg fyrir að íslenskir feður taki meiri þátt í umönnun barna sinna?“ Þá er einnig spurt hvort um sé að ræða skort á tengslum við barn, samskiptavanda eða skort á lagalegri þekkingu til að greina hvað það er sem hindrar feður í að annast um börn sín. Með því að greina hvað veldur fjarveru feðra sem ekki deila lögheimili með barni sínu skapast grundvöllur fyrir því að útbúa fræðsluefni og aðferðir til að styðja feður til að taka meiri þátt í uppeldi barna sinna með hagsmuni barnanna að leiðarljósi.

Tvær spurningakannanir voru lagðar fyrir feður. Í fyrri könnuninni voru feðurnir beðnir um að segja frá fyrirkomulagi umgenginnar við börn sín og aldri barna sinna. Í seinni könnuninni voru þeir beðnir um frekari upplýsingar, eins og hvort þeir séu ánægðir með fyrirkomulagið og hvort þeir hafi leitað aðstoðar til þess að breyta umgengninni. Til að greina hindranir sem feður telja sig hafa upplifað þegar þeir sóttust eftir aukinni umgengni við börn sín, verða tekin viðtöl við fjarstadda feður um m.a. þekkingu þeirra á réttindum sínum sem

foreldri, samskiptum þeirra við barnsmæður sínar og viðmót sem þeir hafa mætt þegar þeir eiga í samskiptum við opinberar stofnanir vegna erinda sem tengjast barni/börnum þeirra. Þar að auki verða tekin viðtöl við starfsfólk barnaverndar og sýslumanns til þess að fá álit þeirra á hvernig megi ryðja úr vegi hindrunum sem feður kunna að mæta með því að vinna fræðsluefni fyrir feður sem ekki búa með börnum sínum.

Nýsköpunarsjóður námsmanna veitti nemanda þriggja mánaða styrk til rannsóknarinnar. Nína Eck, nemi á þriðja ári í BA námi í félagsráðgjöf vann eigindlegu rannsóknina undir handleiðslu og í samvinnu við leiðbeinendur, þau Ingólf V. Gíslason, prófessor í félagsfræði og Guðnýju Björk Eydal, prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Áhugi fyrir rannsókninni kviknaði þegar nemandi varð vör við umræðu tengda tálmunum annarsvegar og meintu áhugaleysi feðra hinsvegar. Nemandi sá um undirbúning, skipulag og framkvæmd rannsóknarinnar auk þess að taka öll viðtöl og afrita en vann síðan lokaskýrslu með aðstoð leiðbeinenda.

Í meðfylgjandi skýrslu verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarinnar. Í fyrsta kafla er reifuð löggjöf er snýr að rétti barna til að þekkja foreldra sína, auk þess sem verksvið barnaverndar og sýslumanns eru kynnt. Í öðrum kafla er gerð grein fyrir rannsóknum á þeim áhrifum sem fjarvera feðra hefur á börn þeirra auk þess sem fjallað er um rannsóknir sem hafa verið gerðar á foreldrum sem búa ekki saman á Íslandi. Í þriðja kafla verður rakin málsmeðferð foreldra sem greinir á um fyrirkomulag umgengni eða forsjá sem og úrræði sem þeim standa til boða. Síðan er gerð grein fyrir aðferðafræði og framkvæmd rannsóknarinnar. Í fimmta til sjöunda kafla er gerð grein fyrir niðurstöðum kannananna, viðtölum við feður og viðtölum við starfsmenn. Skýrslunni lýkur á samantekt og umræðu um það sem niðurstöður geta þýtt fyrir aukna þátttöku feðra í lífi barna sinna.

## 1. Löggjöf og réttindi barna til að þekkja foreldra sína

Réttur barns til að þekkja foreldra sína og umgangast þá er grundvöllur þessarar rannsóknar. Þetta er eitt af ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en hann var fullgiltur af Íslandi 1992 og loks lögfestur hér á landi árið 2013 (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.). Samskonar ákvæði er einnig að finna í 1. gr. barnalaga (nr. 76/2003) og 2. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof en markmið þeirra er að tryggja börnum samvistir við báða foreldra (nr. 144/2020). Tillaga að þingsályktun um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 lagði áherslu á börn og barnafjölskyldur með það meginmarkmið að barnasáttmálinn yrði innleiddur í alla lagaumgjörð og framkvæmd (Þingskjal 1502/2015-2016) og ný löggjöf í málefnum barna tekur einnig mið af réttindum barna (Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Umboðsmaður barna hefur svo það hlutverk að tryggja að stjórnvöld, einstaklingar, félög og önnur samtök einstaklinga og fyrirsvarsmenn lögpersóna taki fullt tillit til réttinda og hagsmuna barna með því að hlusta á og taka við ábendingum frá börnum og setja þá fram tillögur um úrbætur á viðeigandi sviðum samfélagsins (Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994).

Réttindastaða foreldra á Íslandi er mismunandi eftir því hvort forsjá er sameiginleg eða ekki og hjá hvoru foreldri barn hefur lögheimili. Núgildandi lög munu þó bráðlega taka breytingum hvað varðar forsjá og lögheimili, eftir breytingu á barnalögum varðandi skipta búsetu barns sem var samþykkt í apríl og tekur gildi frá og með 1. janúar 2022. Þessar breytingar munu gera það að verkum að foreldrar geta farið sameiginlega með lögheimili barns og munu heimila þeim að semja um að ekki verði greitt meðlag til lögheimilisforeldris (Þingskjal nr. 1236/2021). Þar sem viðtöl voru tekin 2021 og við feður sem eiga börn nú þegar, munu þessar breytingar ekki hafa áhrif á efni rannsóknarinnar. Í upphafi ársins 2021 voru einstæðir karlar aðeins 12% einstæðra lögheimilisforeldra, en þetta hlutfall hefur farið hækkandi og var 6,7% árið 1998. Vert er þó að bæta við að þessar tölur ná ekki til foreldra barna sem búa ekki saman en eru komnir í sambúð með nýjum maka (Hagstofa Íslands, e.d.).

Umgengnisforeldrar eru á vissan hátt ósýnilegir við núverandi skráningu foreldra. Þjóðskrá skráir fólk undir fjölskyldunúmeri eftir því hver deilir lögheimili með barni og þannig hefur forsjárlaust stjúpforeldri í mörgum tilvikum greiðari aðgang að upplýsingum um barn en



umgengnisforeldri þess. Dæmi er um að forsjárlaust foreldri geti leyst út lyf og sótt vegabréf fyrir barn í aðstæðum þar sem umgengnisforeldri sem fer sameiginlega með forsjá barns er neitað um hið sama. Þetta er mögulegt vegna þess að forsjárlausa stjúpforeldrið er skráð á sama fjölskyldunúmer og barnið en þetta stangast á við reglur Þjóðskrár þess efnis að aðeins forsjáraðilar barns geti sótt vegabréf þess, sem og 2. mgr. 52. gr. barnalaga sem segir að aðeins forsjáraðilar eiga rétt á aðgangi að upplýsingum um barn og bendir til þess að kerfisbreytingar verði að eiga sér stað (Bertha María Jónsdóttir, 2021; Þjóðskrá, e.d. og Barnalög nr. 76/2003).

Samkvæmt 17. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaganna (nr. 40/1991) á öllum íbúum að standa til boða að sækja félagslega ráðgjöf hjá sínu sveitarfélagi. Félagsleg ráðgjöf tekur meðal annars til skilnaðar-, forsjár- og umgengnismála. Þá er það mat Umboðsmanns barna að „Staðreyndin er hins vegar sú að foreldrum stendur ekki alltaf til boða þessi þjónusta, en hún er mikilvægur þáttur í því að fyrirbyggja ágreining sem stundum verður þess valdandi að foreldri verður ekki virkur þátttakandi í lífi barns“ (Guðríður Bolladóttir, 1. september 2021 [tölvupóstur]). Þar að auki kemur fram í umsögn Guðríðar Bolladóttur, lögfræðings hjá Umboðsmanni barna um breytingu á barnaverndarlögum um refsingu við tálmun eða takmörkun á umgengni (2019) að það sé mat hennar að það þurfi að móta nýja heildarstefnu í þessum málaflokki og auka aðkomu félagsþjónustu sveitarfélaganna og mögulega barnaverndar.

Hér verður einblínt á tvær stofnanir sem fara með málefni barna, barnavernd og sýslumann. Verksvið þeirra eru ólík þrátt fyrir að þau sinna bæði barna- og fjölskyldumálum. Aðalmunurinn er að barnaverndir vinna eftir barnaverndarlögum nr. 80/2002 og sýslumenn sinna umgengnismálum og samningum foreldra um forsjá og lögheimili og sáttameðferð, sem meðal annars er forsenda þess að foreldri geti höfðað forsjármál fyrir dómstólum. Foreldrum sem eru ósammála um forsjá eða umgengni er boðið í sáttameðferð hjá sýslumanni í upphafi máls en til þess að það megi fara fyrir dóm verður að vera búið að reyna að ná sáttum. Þetta starf er unnið í samræmi við barnalög nr. 76/2003. Í framkvæmd lýsir munurinn sér þannig að barnavernd sveitafélaganna tekur við tilkynningum frá fagaðilum og einstaklingum og kannar þær. Ef tilkynning bendir til þess að könnunar sé þörf er beitt viðeigandi úrræðum til þess að ganga úr skugga um að barn sé í öruggum höndum hjá umönnunaraðila. Hlutverk sýslumanna

er að sinna umgengnis- og forsjármálum við sambúðarslit og veita aðstoð vegna ágreinings milli foreldra eftir sambúðarslit. Barnavernd sinnir þannig málum þar sem barn sýnir áhættuhegðun eða foreldri þess telst misbjóða því ýmist með ofbeldi eða vanrækslu, en sýslumenn taka á móti foreldrum sem leitast við að koma á samkomulagi um forsjá og umgengni eða breyta fyrirliggjandi samkomulagi (Barnaverndarlög nr. 80/2002 og Barnalög nr. 76/2003).

## 2. Áhrif fjarveru feðra á börn

Áhrif fjarveru feðra á börn þeirra hafa ítrekað verið rannsökuð og komast fræðimenn endurtekið að þeirri niðurstöðu að það hafi neikvæð áhrif á börn að alast upp án þess að þekkja báða foreldra sína. Ágreiningur fyrir og eftir skilnað er skaðlegur börnum en skortur á umönnun frá báðum foreldrum eykur líka álag á það foreldri sem sinnir henni eitt. Fjárhagslegt álag á lögheimilisforeldri er meira eftir því sem þátttaka umgengnisforeldris er minni og þetta leiðir síðan til andlegs álags sem setur einstæða foreldrið í meiri hættu á félagslegri einangrun og útskúfun á grundvelli stöðu þess (Lamb, 2010).

Marsiglio og Hinojosa (2010) rannsökuðu þátttöku feðra í umönnun og bentu á að feður eru líklegri til að halda umgengni reglulegri hafi móðirin ekki hafið aðra sambúð. Þetta getur verið afleiðing þess að mæðrum finnst afskipti feðranna vera óþörf sökum þess að ný föðurímynd sé komin á heimili barnsins eða þá vegna þess að mæður letja þátttöku feðranna til þess að ýta undir tengslamyndun milli barns og stjúpföður og mynda nýja kjarnafjölskyldu. Þá hefur fjarlægð milli heimila neikvæð áhrif á tíðni umgenginnar. Í þeim tilfellum þar sem annað foreldra flytur langa vegalengd frá hinu eru tvær ástæður sem Marsiglio og Hinojosa (2010) nefna að geti legið að baki ákvörðuninni og leiðir hvor um sig til hindrana þegar kemur að umgengni. Annaðhvort flytur móðirin og þá eru fjárhagslegar- og tímahindranir í vegi fyrir tíðri umgengni, eða þá að feður sem finna fyrir lítilli skuldbindingu við börn sín sjái fáar hindranir í vegi fyrir því að þeir flytji, enda er þetta líka stutt af rannsókn sem komst að þeirri niðurstöðu að feður sem bjuggu meira en 100 mílum frá börnum sínum hringdu sjaldnar í þau en feður sem bjuggu í nágrenni við barn sitt (Amato og Dorius, 2010).

Til viðbótar við þetta hafa ýmsar athugasemdir varðandi gæði umgenginnar komið fram í erlendum rannsóknum sem benda til þess að feður séu líklegri til þess að gegna afþreyingarhlutverki (e. recreational) í lífi barna sinna á meðan á umgengni þeirra stendur, sem leiðir til þess að barn myndar annarskonar tengsl við föður sinn en móður sína, sem sinnir þá umönnunarhlutverkinu (e. caregiving) á móti. Feðurnir fá minni ánægju úr slíkum samskiptum en ef um væri að ræða samskonar hlutverk beggja foreldra (Amato og Dorius, 2010).

Áströlsk rannsókn sem miðaði að því að kanna ástæður fyrir fjarveru feðra komst að þeirri niðurstöðu að mæður og feður höfðu mismunandi sögu að segja, en hvort kenndi hinu um

skort á umgengni. Þegar rannsóknir, gerðar frá árinu 1991 til 2008 á þessu eru skoðaðar í heild sinni má sjá fjórar meginástæður fyrir fjarveru feðra. Þær eru: mikill ágreiningur milli foreldra og mæður sem sinna hlutverki hliðvarða (e. gatekeeping), að foreldrar taki saman við nýja maka og einblína á samruna nýju fjölskyldunnar, fjarlægð milli heimila og sú tilfinning feðra að þeir verði fyrir útskúfun af löggjöfinni (Parkinson, 2010).

## **2. 2 Umgengni íslenskra feðra við börn sín**

Talsvert hefur verið unnið að rannsóknum um stöðu feðra á Íslandi en engin þeirra hefur beint sjónum sínum að ástæðum fyrir því að sumir feður sinna ekki umönnun barna sinna. Þó hefur talsvert verið um fréttáflutning um skort á þátttöku feðra og bága stöðu mæðra sem eiga erfitt með að hvetja barnsfeður sína til þátttöku í umönnun barna sinna (sjá t.d. Kristlín Dís Ingilínardóttir, 2021). Nokkrar rannsóknir hafa þó verið gerðar á þátttöku feðra í lífi barna sinna og ein þessara rannsókna var gerð meðal feðra sem hafa aldrei deilt lögheimili með börnum sínum. Rannsóknin var hluti af meistara verkefni til gráðu í hjúkrunarfræði og þar var komist að þeirri niðurstöðu að vilji feðra til þess að vera til staðar fyrir börn sín sé til staðar og að þeim fannst þeir vera minnihluti sem samfélagið liti niður á og metur ekki sem fullgilt foreldri (Sigríður Magnúsdóttir, 2003). Í sömu rannsókn kom einnig fram að feður upplifðu sig ekki sem hluta af „ferlinu“ þegar barn kemur fyrst í heiminn, þeir upplifðu sig utangarðs þegar mæður fengu þjónustu hjá Mæðravernd og síðar ungbarnavernd og upplifðu það sem svo að móðirin væri milligönguaðili þeirra að barni sínu og upplýsingum um það.

Sigrún Júlíusdóttir, brautryðjandi í rannsóknum og vinnu varðandi samvinnu foreldra sem búa ekki saman, rannsakaði hvernig samvinnu foreldra var háttað og skipti þeim foreldrum sem hún tók viðtöl við í þrjá hópa. Í fyrsta hópnum voru „Hefðbundnir foreldrar“ eða þeir sem skiptu umgengninni þannig að barn dvaldi að jafnaði aðra hverja helgi hjá föður sínum. Í hópi „Samtímaforeldra“ voru foreldrar sem skiptu umgengni jafnt á milli sín og í hópi „Ágreiningsforeldra“ var umgengni ýmist önnur hver helgi eða minni en samvinna þessara foreldra einkenndist af miklum átökum og ósætti (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Í hópi foreldra sem skiptu umgengninni þannig að barn dvaldi aðra hvora helgi hjá föður komu fram frásagnir feðra þess efnis að þeir vildu eyða meiri tíma með börnum sínum en

mæðurnar „úthlutuðu“ þeim. Svo voru aðrir feður sem gátu takmarkað verið með börnum sínum vegna þess hve mikið þeir unnu og mátti þar greinilega sjá áhrif hefðbundinna kynjahlutverka. Mæður í þessum hópi foreldra áttu þó erfitt með að sleppa takinu á börnum sínum og fannst fyrirkomulag þeirra vera best fyrir börnin sökum fyrrum ágreinings foreldra eða vegna þess að heimild til ákvarðanatöku hvað varðar barn væri best borgið hjá sér. Ein móðirin lýsti því að hún vildi jafnvel minni umgengni barns síns við föður þess vegna þess að henni fyndist erfitt að barnið færi af heimilinu, nú þegar hún var komin í nýja sambúð. Munur á svörum kynjanna var þó mest áberandi þegar foreldrar voru spurðir um viðhorf þeirra til jafnrar umgengni eða viku-viku fyrirkomulagi. Þá voru mæðurnar efins um langtímaáhrif þess á líðan barnanna og hæfni eða andlega líðan feðranna og bættu við að ef feðurnir myndu sækjast eftir meiri samskiptum á meðan barnið dvelur hjá móður myndu þær fallast á það. Þar að auki höfðu þær orð á því að þó fyrirkomulagið væri ekki sanngjarnt fyrir feðurna héldu þær að það væri barninu fyrir bestu. Frásagnir feðranna einkenndust af söknuði eftir skilnaðinn og þeir sáu jafna búsetu barna sinna sem framtíðardraum í stað raunhæfs möguleika. Í nokkrum fjölskyldunum höfðu feður óskað eftir jafnri búsetu en mæðurnar sett sig upp á móti því. Telja Sigrún og Sólveig þetta endurspeglar ójafna stöðu kynjanna og hefðbundin viðhorf til kynjahlutverka (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

Þegar uppkomin skilnaðarbörn voru spurð um reynslu þeirra af jafnri umgengni við báða foreldra þegar þau voru yngri kom fram að þau áttu flest jákvæða reynslu af fyrirkomulaginu. Þeim fannst sanngjarnt að umgengni væri jöfn og lögðu áherslu á að þeim fyndist samvinna og góð samskipti foreldra sinna mikilvæg. Þau börn sem voru ekki ánægð með jafna umgengni rökstuddu það með lélegum samskiptum foreldra sinna og slakri upplýsingagjöf til sín en nefndu líka að þeim fannst leiðinlegt að vera sífellt að flytja milli heimila og fannst ósanngjarnt að þau væru sífellt að taka upp úr töskum (Sigrún Júlíusdóttir, Sólveig Sigurðardóttir og Dögg Pálsdóttir, 2018).

Rannsókn sem miðaði að því að kanna mun á fjárhagslegri afkomu lögheimilis- og umgengnisforeldra komst að þeirri niðurstöðu að fjölskyldubótakerfið styður við lögheimilisforeldri í ríkari mæli en umgengnisforeldri. Þetta lýsir sér þannig að fjölskyldubætur, s.s. barnabætur, mæðra- og feðralaun, viðbót á atvinnuleysisbætur, námslán og vaxtabætur

renna eingöngu til lögheimilisforeldra. Umgengnisforeldrar eiga ekki rétt á barnabótum, mæðra- og feðralaunum og viðbót á vaxtabætur, auk þess sem þeir greiða meðlag yfir á lögheimili barns (Guðný Björk Eydal og Hrefna Friðriksdóttir, 2010; Guðný Björk Eydal og Heimir Hilmarsson, 2012; Hakovirta, M. og Guðný Björk Eydal, 2020). Opinber stuðningur sem rennur til beggja foreldra eru húsaleigubætur, barnastyrkur sem er greiddur meðfram námslánnum og viðbótargreiðslur við atvinnuleysisbætur (Lög um húsnæðisbætur nr. 75/2016, lög um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020, lög um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006). Annar stuðningur sem umgengnisforeldri barns hefur rétt á er barnalífeyrir, sé foreldri á örorku- eða endurhæfingarlífeyri. Í því tilfalli er sú fjárhæð skuldajöfnuð á móti innheimtu meðlags og kemur þannig ekki inn á reikning umgengnisforeldris (lög um almannatryggingar nr.100/2007). Þessi kerfisbundna mismunun leiðir til þess að lögheimilisforeldri hefur að meðaltali 50% hærri ráðstöfunartekjur en umgengnisforeldri en munurinn er allt að 90% í þeim dæmum þar sem lögheimilisforeldri er með 26,4% hærri mánaðartekjur en umgengnisforeldri (Guðný Björk Eydal og Heimir Hilmarsson, 2012). Þetta hefur leitt til þess að fjölskyldubótakerfið hefur ekki þróast á þann veg að það taki tillit til mismunandi fjölskyldugerða. Meðlagskerfið eins og það er nú telst úrelt, þó það muni sem betur fer taka breytingum í átt að auknu jafnrétti foreldra (Guðný Björk Eydal, 2018 og þingskjal nr. 1236/2021).

### 3. Málsmeðferð við ákvörðun forsjár, lögheimilis og umgengni

Foreldrar sem skilja eða slíta sambúð og eiga barn eða börn saman þurfa að koma á fund með fulltrúa Sýslumanns til þess að ákvarða forsjá barna sinna, hvar þau ættu að eiga lögheimili og hvernig meðlagi skal háttað. Komi upp ágreiningur milli foreldra og geta þau ekki gert samkomulag sín á milli er þeim boðin sáttameðferð og síðar úrskurður sýslumanns.

Meðlag er framfærsla barns sem umgengnisforeldri er skylt að borga til lögheimilisforeldris en það má ákveða hærra en einfalt, þó aldrei lægra en einfalt meðlag sbr. 55. gr. bl. nr. 76/2003. Meðlagsupphæð er vísitölutengd og jafnhá barnalífeyri og er nú 36.845 kr. (Innheimtustofnun sveitarfélaga, e.d.). Lögheimilisforeldri á svo kost á því að fá meðlag greitt frá Tryggingastofnun ríkisins en þá sér Innheimtustofnun sveitarfélaga um innheimtu þeirra (lög um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971). Séu foreldrar ósammála um upphæð meðlags úrskurðar Sýslumaður um það og hefur þá til hliðsjónar tekjur foreldra og möguleika þeirra til að afla tekna með tilliti til umönnunarþarfa barns, aukin útgjöld vegna sérþarfa eða veikinda barns, hvort meðlagsgreiðandi þurfi að greiða meðlag með öðrum börnum, hvort umgengni barns og foreldris sé umfram lágmarksumgengni og hvort foreldri með sameiginlega forsjá hefur greitt meira með barninu en gildandi ákvörðun um meðlag segir til um (Sýslumenn, e.d.a).

Annað sem er ákveðið við sambúðarslit eða skilnað er forsjá og lögheimili, en ef foreldrar eru ekki í staðfestri sambúð eða hjónabandi við fæðingu barns er forsjá þess að fullu hjá móður. Þurfa foreldrar þá að biðja Sýslumann um að staðfesta breytt fyrirkomulag forsjár ef þeir vilja fara sameiginlega með forsjána eða fela hana föður, rétt eins og foreldrar sem vilja breyta núverandi forsjár- og lögheimilisfyrirkomulagi. Að jafnaði er álitid sem svo að barn hafi fasta búsetu hjá lögheimilisforeldri en samkomulag um umgengni er ekki háð fyrirkomulagi forsjár og lögheimilis (þessu verður þó breytt og tvöfalt lögheimili barns verður mögulegt skv. lagabreytingum sem taka gildi 1.1.2022). Þrátt fyrir að foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns liggja ákveðnar skyldur á lögheimilisforeldrinu, enda hefur það eitt heimild til að taka ákvarðanir um lögheimili barns innanlands, hvar það gengur í leikskóla, grunnskóla eða daggæslu, um venjulega eða nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og reglubundið tómsundastarf (Barnalög nr. 76/2003).

Í þeim tilvikum þar sem foreldrum tekst ekki að ná sáttum um forsjá, lögheimili eða umgengni er þeim skylt að leita sátta sín á milli. Þetta geta foreldrar gert hjá Sýslumanni eða öðrum aðila sem hefur sérfræðipækkingu í sáttameðferð og málefnum barna (Barnalög nr. 76/2003). Löng bið er eftir því að komast í sáttameðferð hjá Sýslumanni en þann 20. september 2021 kemur fram á heimasíðu Sýslumanna (e.d.b) að mál sem var vísað í sáttameðferð fyrir 8. febrúar 2021 hafa verið tekin til umfjöllunar, sem þýðir að rúmlega sjö mánaða bið er eftir tíma hjá sáttamanni Sýslumanns.

Markmið með sáttameðferð er að hjálpa foreldrum að gera samning um þá lausn ágreinings sem er barni fyrir bestu. Sá sem veitir sáttameðferð skal hafa lokið háskólaprófi til starfsréttinda í lögfræði, sálfræði, félagsráðgjöf eða sambærilegum greinum og skal hafa a.m.k. tveggja ára starfsreynslu í meðferð mála sem reyna á hagsmuni barna og/eða foreldra. Þá skal sáttamaður hafa sérmenntun á sviði sáttameðferðar eða -miðlunar og hafa haldbæra þekkingu á barnalögum og álitaefnum við túlkun þeirra. Sáttamaður tekur ákvörðun með foreldrum um hvort og hvenær barn fær að tjá sig um afstöðu sína. Barni sem hefur náð nægilegum þroska til þess er gefinn kostur á að tjá sig nema talið sé að slíkt geti haft skaðleg áhrif á barn. Foreldrum er skylt að mæta sjálfir á sáttafund sem sáttamaður boðar til skv. 12. gr. reglna um ráðgjöf og sáttameðferð en ef þeir vanrækja þessa skyldu sína eftir að vera boðaðir í hana í tvígang eða ná ekki sáttum í meðferðinni, er gefið út sáttavottorð. Í þeim málum þar sem sættir nást er Sýslumanni tilkynnt um málalok (Innanríkisráðuneytið, 2013).

Þegar sáttavottorð hefur verið gefið út að lokinni árangurslausri sáttameðferð getur foreldri sem leitast við að breyta fyrirkomulagi um umgengni beðið Sýslumann um að úrskurða um umgengni. Í þeim málum er litið til tengsla barns við foreldra, aldurs barns, stöðugleika í lífi barns, búsetu foreldra og vilja barns að teknu tilliti til aldurs og þroska, en Sýslumaður metur einnig hættu á því að barnið, foreldri eða aðrir á heimili barnsins hafi orðið eða verði fyrir ofbeldi og til þess hvort ágreiningur eða samskipti foreldra dragi úr möguleikum barns til að alast upp við þroskavænleg samskipti (Innanríkisráðuneytið, 2013). Sýslumaður getur á öllum stigum málsins falið sérfræðingi í málefnum barna að kynna sér viðhorf barns eða foreldris eða að gefa umsögn um álitaefni. Úrskurðurinn sem kveðinn verður upp tekur þá til umfangs umgengni og hvernig henni skuli háttað en Sýslumaður hefur einnig heimild til að úrskurða um



að umgengni fari fram undir eftirliti sérfræðings í málefnum barna. Að sama skapi hefur Sýslumaður heimild til að úrskurða um jafna umgengni (7 daga af hverjum 14). Á meðan á málaferlum stendur getur sá sem leitast eftir að breyta fyrirkomulagi um umgengni sótt um úrskurð til bráðabirgða, sem er þá tímabundinn eða gildir þar til máli hefur verið lokið með úrskurði Sýslumanns (Barnalög nr. 76/2003).

Hafi verið úrskurðað um umgengni eða sé til staðar umgengnissamningur staðfestur af sýslumanni, dómur eða dómsátt foreldra og tálmi annað foreldri umgengni getur sá sem nýtur umgengninnar beðið sýslumann um að úrskurða um álagningu dagsekt. Geta þessar sektir numið allt að 30.000 kr. fyrir hvern dag sem umgengni er tálmuð en við ákvörðun upphæðar tekur Sýslumaður tillit til fjárhags þess sem tálmar umgengnina og eru þær lagðar á í allt að 100 daga eða þar til foreldri lætur af tálmunum. Falla kröfur um dagsektir niður þegar foreldri lætur af tálmunum og eru þannig ekki innheimtar í þeim málum þar sem umgengni er komið aftur á (Barnalög nr. 76/2003 og þingskjal 2050/2018-2019).

### **3. 2. Úrræði fyrir foreldra sem greinir á**

Nokkuð misjafnt er hvort til staðar eru önnur úrræði til aðstoðar þeim foreldrum sem eiga í ágreiningi en víða er slík úrræði að finna. Á Austurlandi hefur um árabil verið unnið markvisst að því að bæta samstarf milli stofnana sem sinna málefnum barna. Þar standa sex sveitarfélög sameiginlega að því að bæta þjónustu við börn og foreldra þeirra með því að efla samstarf fagaðila, skóla, heilsugæslu og félagsþjónustu. Þetta kemur þá í veg fyrir að fólk þurfi að leita til margra staða til að fá úrlausn vandans og leggur meiri áherslu á snemmtæka íhlutun og forvarnir í stað þess að stofnanirnar vinni einar og sér í erfiðustu málunum. Þá er kennurum barna allt frá leikskólaaldri gefið tækifæri á að tjá sig með þeim afleiðingum að fagaðilum er gefið tækifæri til íhlutunar á byrjunarstigi vandans sem leiðir líka til þess að inngrip eru minni og valda minna raski í lífi barns. Þá er áhersla lögð á að vinna með börnum og foreldrum áður en vandinn verður svo mikill að barnavernd þurfi að skerast í málið (Guðrún Hálfðánardóttir, 2018).

Linda Sæberg (2017), sem tók viðtal við Júlíu Sæmundsdóttur félagsmálastjóra Fljótsdalshéraðs, segir markmið með þessu líkani vera meðal annars að styrkja foreldra í foreldrahlutverki sínu, virkja bakland fjölskyldunnar og hjálpa aðilum að finna eigin styrkleika til

að takast á við vanda sinn. Hún nefnir líka mikilvægi þess að vinna ekki aðeins með barnið sem er í vanda heldur þurfi að vinna með fjölskylduna í heild sinni. Þá hefur Júlía sett á laggirnar teymi til að sinna þessum verkefnum og mun teymið þá vera með viðveru í hverjum grunnskóla fyrir sig a.m.k. einu sinni í mánuði og hafa skólarnir utan þess greitt aðgengi að þeim og sérfræðingunum innan þess. Þá sé meginmarkmið með sænsku leiðinni að einfalda þjónustu við notendur, koma í veg fyrir að fólk þurfi að flakka á milli stofnana og ganga úr skugga um að unnið sé með hvert mál á heildrænan hátt í stað þess að hver stofnun beiti mismunandi aðgerðum til að vinna að ólíkum markmiðum í úrlausn mála. Þessar áherslur má einnig finna í áður nefndum lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna sem taka gildi 1. janúar 2021.

Þá hafa Gyða Hjartardóttir og dr. Sigrún Júlíusdóttir félagsráðgjafar sett á laggirnar safn fræðslu, verkfæra og námsefnis til að hjálpa foreldrum sem búa ekki saman að takast á við þær áskoranir sem þau kunna að mæta í samskiptum og samvinnu í uppeldi barna sinna. Verkefnið er stutt af félagsmálaráðuneytinu og heitir Samvinna eftir skilnað (SES) og stendur rafræni vettvangurinn íbúum í öllum sveitarfélögum á Íslandi til boða en viðurkenndir SES ráðgjafar eru starfandi innan félagsþjónustunnar á Akranesi, í Mosfellsbæ, í Fjarðabyggð, í Hvalfjarðarsveit, í Vestmannaeyjum, í Hafnarfirði, í Fljótsdalshéraði og á Hornafirði (Samvinna eftir skilnað, e.d.). Tilgangur verkefnisins er að reyna að fyrirbyggja ágreining milli foreldra með því að veita þeim markvissa ráðgjöf og þjónustu í upphafi deilna milli foreldra. Ásmundur Einar Daðason, félagsmálaráðherra, vonast þannig til að betri þjónusta sem er veitt á fyrri stigum málsins sé börnum til hagsbóta og styðji þau í skilnaðarferli foreldra sinna (Félagsmálaráðuneytið, 2020).

## 4. Aðferðir og framkvæmd

### 4. 1. Markmið

Tilgangur rannsóknarinnar er að fá innsýn í ástæður þess að fjarstaddir feður taka oft lítinn eða engan þátt í uppeldi barna sinna og hvaða hindrunum þeir mæta og einnig að leita leiða til að auka þátttöku feðra í umönnun barna sinna. Upphaflega var sjónum beint að Mæðravernd og Sýslumanni með það fyrir augum að byggja þyrfti upp fræðsluefni sem myndi fyrirbyggja fjarveru feðra með því að gera þeim kunnugt um réttindi sín og kenna þeim ákveðna samskiptafærni sem myndi minnka ágreining milli foreldra. Í mæðra- eða meðgönguvernd er skimað fyrir ofbeldi á heimili móður en ekki er skimað fyrir öðrum félagslegum áhættuþáttum, eins og þátttöku föður barnsins (Embætti landlæknis, 2008). Síðar var ákveðið að leita umsagnar hjá barnaverndum sveitarfélaganna í stað mæðraverndar, þar sem allir viðmælendur voru viðstaddir mæðraskoðanir og ekkert kom í ljós sem benti til þeir hefðu óskað eftir meiri ráðgjöf á meðgöngunni en þeir ræddu allir um erfiðleika sem tengdust þjónustu við að koma á umgengni. Það er því afar mikilvægt að rannsaka nánar þátttöku feðra sem eru ekki í sambandi með barnsmóður sinni á meðgöngu og hvernig mætti fræða þau og efla í foreldrahlutverkum á meðgöngu og leggja þannig grunn að tengslamyndun barna við báða foreldra. Enn er því ósvarað hvort auka megji þátttöku feðra sem hafa ekki verið í sambandi með barnsmæðrum sínum í lífi barna sinna með félagslegri ráðgjöf og fræðslu um löggjöf.

Gagna var aflað með spurningakönnunum og viðtölum. Í fyrri spurningakönnuninni voru þátttakendur beðnir um upplýsingar um börn sín og umgengni við þau en í seinni könnuninni var spurt um upplifun þeirra af samskiptum við barnavernd og Sýslumann, auk þess að spurt var hvort þeir hefðu glímt við veikindi eða hvort börn þeirra hafi einhvern tímann lýst andstöðu við því að umgengni færi fram. Þeim sem svöruðu báðum könnunum var síðan boðið í viðtal. Tekin voru hálfstöðluð djúpviðtöl við sex feður. Viðtölin voru afrituð og þemagreind og komu þá í ljós þrjú meginþemu; sorg, vanmáttur og ágreiningur. Þá voru tekin viðtöl við sérfræðing í barnavernd og hjá Sýslumanni og dæmi úr frásögnum feðranna voru síðan borin undir þá til að heyra þeirra álit á upplifun feðranna til að leggja sem best mat á þann skort á opinberri þjónustu eða fræðslu sem stendur í vegi fyrir þátttöku feðra í umönnun barna sinna.

## 4. 2. Gagnaöflun

### *Spurningakannanir*

Gagnaöflun hófst 9. júní 2021 og var fyrsta könnunin hýst á vefnum fedur.is og auglýst í morgunútvarpi Bylgjunnar, á samfélagsmiðlum og hjá Félagi um foreldrajafrétti, sem hafði lýst yfir stuðningi við rannsóknina. Í þessari spurningakönnun var spurt hversu mörg börn svarendur ættu og hversu gömul þau væru. Feður voru spurðir hversu miklum tíma þeir verðu með börnum sínum (hef ekki hitt barnið síðustu 12 mánuðina, einu sinni eða tvisvar á ári, 3-5 sinnum á ári, 6-11 sinnum á ári, einu sinni til tvisvar í mánuði, aðra hvora helgi, einn dag í senn, aðra hvora helgi, tvo til þrjá daga í senn, tvo daga í viku eða oftár, barnið dvelur jafnt hjá föður og móður) (Sjá viðauka 1). Þeim var síðan boðið að bæta inn athugasemd og þeir spurðir hvort umgengni breyttist eftir samkomutakmarkanir í kjölfar kórónuveiru. Í lokin var þeim síðan boðið að taka þátt í áframhaldandi könnun með því að gefa upp netfang sitt og fá ítarlegri könnun senda. Markmiðið með þessum fyrsta fasa var að fá sem flesta feður til að taka þátt og minnka brottfall með því að hafa könnunina eins stutta og lítt krefjandi og hægt var.

Feður sem áttu börn sem þeir höfðu minna en lágmarks Umgengni við fengu boð um að taka þátt í framhaldsrannsókn. Framkvæmd seinni könnunarinnar var á þann hátt að þeir sem voru valdir í úrtak fengu tölvupóst á uppgefið netfang með tengli á könnunina. 31 faðir fékk boð í seinni spurningalistakönnunina. Spurningalistinn bauð svarendum að svara með eigin orðum í þar til gerðum textareitum og miðaði að því að kanna hvort feðurnir höfðu á einhvern hátt reynt að sækjast eftir aukinni Umgengni eða hvort eitthvað standi í vegi fyrir því að þeim sé úrskurðuð Umgengni. Þá var spurt hvort faðirinn sé ánægður með núverandi Umgengnisfyrirkomulag, hvort Sýslumaður eða dómur hafi úrskurðað um Umgengni, hvort barnavernd hafi haft einhver afskipti af honum, hvort hann hafi glímt við veikindi sem gera honum erfiðara fyrir að annast barn sitt og hvort framkoma barns hafi einhvern tímann verið á þann veg að það hafi lýst mótþróa við Umgengni (Sjá viðauka 2). Til að auka réttmæti spurninganna voru þær markvisst orðaðar þannig að dregið væri úr bjögum vegna félagslega óæskilegrar stöðu (t.d. „Hefur barnið lýst eindregnum mótþróa við Umgengni við þig (föður)? Hér er líka átt við í aðstæðum þar sem álit barns á föður gæti verið lituð af dvöl þess á heimili móður.“). Í lokin voru feðurnir spurðir hvort þeir væru tilbúnir til að taka þátt í viðtalsrannsókn.

Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við viðmælendurna og viðtalsvísir skiptist í nokkra hluta. Fyrir hvern viðmælanda voru upplýsingum sem hann gaf upp í fyrri tveimur könnunum stillt upp í byrjun viðtalsvísis og honum boðið að leiðrétta eða bæta við það. Síðan var upplýsingum um aldur, menntun, starf og búsetu aflað, sem og skóla og búsetu barns þeirra. Til að byrja með var föður boðið að segja í eigin orðum frá sambandi sínu við barn sitt og barnsmóður, síðan var spurt um samband við móður á meðgöngu og strax eftir fæðingu, sem og þátttöku föður í þjónustu sem móðurinni er boðið svo sem mæðravernd og viðvera föður á fæðingardeild. Spurt var um þætti sem myndu gefa mynd af tengslamyndun á fyrsta ári barnsins, t.d. þátttaka föður í umönnun barnsins, hvort hann tók fæðingarorlof og hvernig verkaskiptingu milli foreldra var háttað. Þessu var ætlað að skýra hvort faðirinn sinni afþreyingar- eða uppeldishlutverki (e. entertaining vs. caregiving) í lífi barns síns. Spurt var hvort foreldrar hefðu rætt umgengnis- og forsjárfyrirkomulag ef skyldi koma til skilnaðar áður en þau hættu saman. Næsti hluti sneri að samskiptafærni föður og þá var spurt hvernig faðir færi að því að reyna að ná sambandi við barnið í dag og hvort það myndi bera árangur, hvernig faðir aflar sér upplýsinga um hagi og líðan barnsins, hvern hann myndi biðja um aðstoð ef þess þyrfti og hvort það myndi bera árangur og ýmsar aðrar hliðar þess að eiga í samskiptum við barnsmóður. Í lokin var spurt hvaða máli faðirinn telur sig skipta sem pabbi barns síns. Síðasti hlutinn sneri að því að kanna þekkingu föður á ýmsum lagabálkum er varða forsjá, umgengni, aðgang að upplýsingum og fæðingarorlof, en einnig var faðir beðinn um að lýsa reynslu sinni og sýn á barnavernd annarsvegar og Sýslumann hinsvegar. Spurt var með markvissum hætti um þau fjögur ákvæði laganna sem talið var að gætu komið í veg fyrir ágreining milli foreldra sem ekki byggju saman. Fyrst var spurt hvort faðir vissi af 7. mgr. 8. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof (nr. 95/2000), þar sem er talað um að forsjárlaust foreldri má taka fæðingarorlof en að það sé háð samþykki forsjárforeldris. Önnur spurning miðaði að 1. mgr. 7. gr. laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013, sem segir að það sé réttur barns að njóta umgengni beggja foreldra. Þriðja spurningin var um 2. mgr. 52. gr. barnalaga nr. 76/2003, sem segir til um rétt forsjárlaus foreldris til upplýsinga um barn. Síðasta spurningin snerist um 3. mgr. 46. gr. barnalaga, sem segir að umgengnisforeldri sé heimilt að taka nauðsynlegar ákvarðanir um daglegt líf barns þegar það dvelur hjá umgengnisforeldri, en í bók Hrefnu Friðriksdóttur (2013)

er þetta skýrt nánar sem ákvarðanir sem ná til svefntíma, mataræðis og félagsskap barns (Sjá viðauka 3, viðtalsvísir).

Viðtölin voru tekin á heimilum allra feðranna nema eins, þar sem hann bjó utan höfuðborgarsvæðisins. Þau voru tekin upp og síðan vistuð á lokuðu heimasvæði Háskóla Íslands, en bæði hljóð og mynd voru tekin upp í fjarviðtalinu. Eftir að viðtölum var lokið voru viðmælendur spurðir um húsnæði sitt m.t.t. þess hvort barnið væri með dót, fatnað, rúm eða herbergi innan heimilisins og einnig var nágrejnið skoðað lauslega til að fá tilfinningu fyrir því hvort hverfið sem faðirinn býr í sé barnvænt. Áður en upptaka hófst fengu allir viðmælendur skjal um upplýst samþykki fyrir þátttöku í rannsókninni sem þeir undirrituðu (Sjá viðauka 3). Skjalið var einnig kynnt viðmælanda utan höfuðborgarsvæðisins fyrir viðtal og hann beðinn um að samþykkja þátttöku í upphafi upptökunnar. Viðtölin tóku um það bil klukkutíma að meðaltali en það stysta var 45 mínútur og það lengsta klukkustund og 13 mínútur.

Einnig voru fulltrúar barnaverndar í þeim fjórum sveitarfélögum þar sem börnin búa eða bjuggu beðnir um viðtal. Af þeim fjórum sveitarfélögum sem var leitað til náðist tal af fulltrúa barnaverndar í Kópavogi og í Reykjavík, auk þess sem tekið var viðtal við þrjá fulltrúa Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Viðtöl sem voru tekin við fulltrúa barnaverndar og Sýslumanns voru með öðrum hætti, þannig að þeim var gefið annað skjal til að samþykkja þátttöku sína og viðtalsvísar voru unnir fyrir hvert viðtal (Sjá viðauka 4-8). Viðtalsvísirinn fyrir viðtalið við fulltrúa barnaverndar í Kópavogi var þannig að hún var spurð um eitt mál sem átti að hluta til við starfssvið hennar, þ.e. barnaverndarmál sem var unnið í Kópavogi. Viðtalsvísir fyrir viðtalið við fulltrúa barnaverndar í Reykjavík var með þeim hætti að öll mál sem mögulega væru barnaverndarmál voru borin undir hana og hún spurð hvernig slík mál yrðu unnin í Reykjavík og síðan var hún spurð hvort ákveðin mál væru innan verkswiðs barnaverndar í Reykjavík og ýmsar spurningar er sneru að verklagi og verkferlum á hennar vinnustað. Viðtalið við fulltrúa Sýslumannsins á Höfuðborgarsvæðinu var með mjög svipuðum hætti þannig að undir þau voru borin nokkur atriði án persónuupplýsinga og þau beðin um að skýra hvað yrði gert auk hliðarspurninga um ímynduð mál og verkferla og þeirra túlkun á lagarammanum sem á við. Öll viðtölin voru afrituð og vistuð á sama lokaða heimasvæði nemandi við HÍ.

### 4. 3. Þátttakendur

110 manns svöruðu fyrstu könnuninni en 28 þeirra neituðu að taka þátt í framhaldsrannsókn eða gáfu ekki upp tölvupóstfang og samtals áttu þeir 223 börn. Sendar voru allt að þrjár ítrekanir til að knýja fram aukna þátttöku í seinni könnuninni, enda var um 45% brottfall að ræða, þar sem 31 faðir fékk boð í seinni könnun en 17 svöruðu. Af þeim 17 sem svöruðu seinni könnuninni var tekið viðtal við sex feður.


Þar sem upplýsingum um aldur var ekki safnað fyrr en í viðtölunum sjálfum eru aðeins til upplýsingar um aldur þeirra sem var tekið viðtal við. Viðmælendur voru frá 26 ára og að 53 ára aldri og höfðu þrír lokið háskólanámi og tveir sérskólaprófi. Flestir fóru þeir sameiginlega með forsjá barna sinna með móður. Nöfnum hefur verið breytt vegna persónuverndarsjónarmiða. Niðurstöður kannananna eru settar fram í tíðnitöflum sem unnar voru í Excel til þess að veita lesanda yfirsýn yfir svör.

Þátttakendur úr stjórnslu voru fimm. Fyrir hönd barnaverndar í Kópavogi veitti Erla Guðrún Sigurðardóttir, félagsráðgjafi MA viðtal, fyrir hönd barnaverndar í Reykjavík veitti Helga Jóna Sveinsdóttir, gæða- og fræðslustjóri viðtal og viðtal við fulltrúa Sýslumanns veittu Anna Ýr Böðvarsdóttir, lögfræðingur hjá fjölskyldusviði, Stefanía Dögg Jóhannesdóttir og Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir, sérfræðingar í málefnum barna. Var þeim boðið að gera athugasemdir við tilvitnanir í viðtöl þeirra fyrir skil skýrslunnar.

## 5. Niðurstöður spurningakannanna

Niðurstöður kannanna eru kynntar í tíðnitöflum sem unnar voru í Excel til þess að veita yfirsýn yfir svör. Hér er því um lýsandi gögn að ræða enda fjöldi þátttakenda ekki hár.

Svör fyrstu könnunarinnar gáfu til kynna að tæplega 35% barna dvöldu jafnt hjá föður sínum og móður, næstalgengast var að börn dvöldu aðra hverja helgi hjá föður sínum, tvo til þrjá daga í senn eða tæp 20%, síðan að börn dvöldu einu sinni til tvisvar í mánuði hjá föður sínum eða 19,2% en fjórða algengasta svarið, eða hjá 8,52% börnum höfðu þau ekki hitt föður sinn síðustu 12 mánuði. 26 svöruðu ekki spurningunni.



Mynd 1 Yfirlit yfir umgengni feðra við börn sín

Til þess að geta útbúið tíðnitöflu fyrir svör seinni spurningakönnunarinnar þurfti að stytta svör verulega og því voru lengri útskýringar einfaldlega flokkaðar sem „Já“, „Nei“, eða „Annað“, en undir öðru má líka finna tölu yfir þá sem svöruðu ekki ákveðnum spurningum. Svör seinni könnunarinnar sýndu að 76% feðranna voru ekki sáttir við núverandi fyrirkomulag umgengni og 59% hafa aldrei verið með umgengnissamning. Í 24% tilvika hafði barnavernd haft afskipti af börnum svarenda. 23% feðra sögðust hafa glímt við veikindi sem hafa gert þeim erfiðara að sinna börnum sínum, en tveir nefndu að skortur á umgengni hafði neikvæð áhrif á




andlega heilsu þeirra. 23% svöruðu því játandi að barnið hefði á einhverjum tímapunkti ekki viljað verja tíma með þeim.

Tafla 1 yfirlit yfir niðurstöður seinni könnunarinnar: Ánægja með umgengni, úrskurðir, afskipti barnaverndar, veikindi föður, barn neitar umgengni

	Ertu ánægður með umgengni?		Úrskurður um umgengni?		Barnavernd?		Veikindi?		Hefur barn neitað að koma?	
	<i>fj.</i>	<i>prósent</i>	<i>fj.</i>	<i>prósent</i>	<i>fj.</i>	<i>prósent</i>	<i>fj.</i>	<i>prósent</i>	<i>fj.</i>	<i>prósent</i>
<b>Já</b>	3	18%	5	29%	3	18%	4	24%	4	24%
<b>Nei</b>	13	76%	11	65%	13	76%	12	71%	12	71%
<b>Annað/ ekkert svar</b>	1	6%	1	6%	1	6%	1	6%	1	6%
<b>Alls</b>	17	100%	17	100%	17	100%	17	100%	17	100%

## 6. Niðurstöður viðtalsrannsóknar meðal feðra

Viðtölin sjálf voru afrituð af nemandan og var þar einnig bætt við þegar viðmælendur sýndu sérstök viðbrögð við einhverjum spurningum eða umræðuefnum. Eftir að þau voru afrituð var framkvæmd þemagreining og viðtölin kóðuð með tilliti til meginþemanna sem fram komu við yfirferð. Þessi þemu voru sorg, vanmáttur og ágreiningur. Svo voru tiltekin atriði sem vörðuðu barnavernd og Sýslumanni tekin úr viðtölunum og notuð til að útbúa viðtalsvísa fyrir viðtöl við fulltrúa þeirra með það fyrir augum að varpa meira ljósi á þá verkferla sem voru nýttir í þessum aðstæðum og fá innsýn í ástæður fyrir því að ákveðin inngríp áttu sér stað. Á meðfylgjandi mynd 2 má sjá hvernig umgengni feðranna við börn sín var háttað. Sumir feðranna áttu barn eða börn sem bjuggu með þeim eða sem voru jafnt í umgengni beggja foreldra sinna.



Mynd 2. Umgengni feðra sem tóku þátt í viðtalsrannsókn, við börn sín

Í töflu 2 má sjá nánari upplýsingar um aðstæður feðranna, auk upplýsinga um umgengni.

Tafla 2. Bakgrunnur, aðstæður og tilhögun umgengni viðmælenda við börn sín

Faðir no.	1	2	3	4	5	6
<b>Aldur</b>	26	53	40	39	45	40
<b>Börn</b>	1: 18 mán	1: 15 ára	1: 18 ára 2: 16 ára	3 börn 12-18 ára 4: 1 árs	1: 22 ára 2: 8 ára	1: 13 ára
<b>Börn á heimili</b>	0	0	0	1	0	0
<b>Menntun</b>	Stúdentspróf	Háskólapróf	Háskólapróf	Sérskólapróf	Sérskólapróf	Háskólapróf
<b>Umgengni nú</b>	3 klst/viku	Engin	Helgi í mánuði ca, eftir samkomulagi	Engin	Hittingar eftir skapi barns, 1-2 í mánuði	Í skólafríum
<b>Fjarlægð milli heimila</b>	Býr í sama hverfi	Minna en 30 mín akstur	Meira en 30 mín akstur	Býr í sama hverfi	Minna en 30 mín akstur	Meira en 30 mín akstur
<b>Umgengni annað barn</b>	-	-	-	Jöfn	Minnkandi frá 10 ára	-
<b>Heimili</b>	3 herb íbúð	Parhús	Foreldrahús og stúdíó	Einbýli	3 herb íbúð	3-4 herb íbúð
<b>Sambýlingar</b>	Nei	Maki	Nei	Maki, ungt barn og stjúpbarn	Nei	Frændi hans
<b>Samband fyrir fæðingu</b>	2,5 ár	14 mán	2 ár	2 ár	7 ár	1 ár
<b>Samband eftir fæðingu</b>	4mán	6 ár	5 ár	11 ár	1 ár	6 ár
<b>Umgengni beint eftir skilnað</b>	Engin	Jöfn	Stöpul, hlið sett upp	Erfitt að fá samning en jöfn	Önnur hver helgi	Jöfn
<b>Forsjá</b>	Sameiginleg	Sameiginleg	Hjá móður	Sameiginleg	Sameiginleg	Sameiginleg

Í þessum kafla verður greint frá helstu niðurstöðum þemagreiningar á viðtölunum sex. Þrjú meginþemu komu í ljós við úrvinnsluna og voru þau sorg, vanmáttur og ágreiningur. Skiptast þau í nokkur undirþemu. Markmið þemagreiningarinnar er að sýna fram á að þessir feður virðast hjálparvana þegar kemur að því að sækjast eftir aukinni umgengni við börn sín og hefur þetta mikil tilfinningaleg áhrif á þá. Feðurnir lýstu því að þeim fannst kerfið ekki geta stutt þá og þeir urðu fyrir vonbrigðum þegar þeir leituðu aðstoðar.

## 6.1 Sorg

Flestir feðranna lýstu beint eða óbeint sorg yfir lítilli umgengni við börn sín. Þeir höfðu leitað ýmissa leiða til þess að auka umgengni við barn sitt án þess að það skili verulegum árangri. Einn faðirinn lýsti mikilli eftirsjá og sagðist taka eftir tengslarofi í sambandi hans við barn sitt:

Ég sá hana síðast síðasta sumar, svo leið bara allur veturinn. Þetta eyðileggur dálítið tengsl. Hún var minna hænd því að tala við mig. Símasamtal og svoleiðis er bara aldrei eins mikið og að hitta manneskju... Ég fann bara aðeins fyrir því í sumar að ég var orðinn hræddur um að þetta myndi einhvern tímann alveg leysast upp, að hún myndi ekki einu sinni koma til mín yfir sumarið, af því hún myndi bara ekki sækjast svo sterkt eftir því... Mér finnst svolítið leiðinlegt að hugsa til þess, en þetta er... Mig langaði að koma því á framfæri. Þetta gerist, alveg sama hversu gott sambandið var fyrir. Alveg sama hvort henni líði vel eða illa hjá mömmu sinni, svona fjarlægð hefur svakalega mikil áhrif svona lengi...

Annar faðir lýsir því að dóttir hans var farin að segja honum frá andlegri vanlíðan sem hann reyndi að hjálpa henni í gegnum í aðdraganda þess að móðir klippti alfarið á samskipti milli þeirra:

Alveg undir lokin var hún að tala um að henni líði illa. [...] Hún vissi ekki hvað var að. Þá var hún byrjuð að fá kvíða yfir ástandinu á móðurinni, og sálfræðingar, tveir, staðfestu bara að móðirin var að yfirfæra kvíðann á.. á [barnið]. Og ég fór bara í það að gera eitthvað skemmtilegt frekar en að... Ég reyndi auðvitað eitthvað að ræða þetta við hana en hún var ekkert að segja mér.. hún sagði bara „Ég veit ekki hvað er að, mér líður bara illa.“

Faðir stúlku sem ákvað sjálf að minnka samskipti við föður sinn lýsir reynslu sinni af þessum minnkuðu samskiptum:

[...] ég veit ekki hvað verður til þess að hún fari þessa leið, minnkar samskipti.. hún vill hreinlega bara ekkert tala við mig.. sama hvað maður sækist eftir því eða.. það er alltaf eitthvað meira, spennandi hér eða þar.. eins og það að fara í sund... þannig að eins og ég segi, ég hef eiginlega ekki haldbæra skýringu á því af hverju hún kaus að fara þessa leið.

Sumir feðranna fundu sig í ómögulegri stöðu í kjölfar minnkaðra samskipta við barn eða börn sín þar sem þeir syrgðu sambandið sem þeir áttu við börn sín áður en sjá enga möguleika á að fá að umgangast börn sín reglulega. Það sem einkenndi upplifun feðra sem höfðu reynt að koma umgengni við börn sín á með því að leita til móðurinnar eða aðstandanda hennar var uppgjöf og ráðaleysi. Faðir sem hafði reynt að koma á umgengni við dóttur sína með þeim leiðum sem

stóðu til boða hjá Sýslumanni sá það sem eina úrræði sitt að sækjast eftir því fyrir dómi að lögheimili hennar yrði flutt til hans lýsir reynslu sinni sem árangurslausri:

[...] svo segja þeir [fulltrúar Sýslumanns] „Við erum aldrei að fara að dæma, eða úrskurða neitt annað en jafna umgengni. Þú færð aldrei meiri umgengni. Við erum ekki að fara að dæma þér forsjána.“ Og þetta vissi ég ekki. Og hérna, „Við erum ekki að fara að dæma þér lögheimilið.“ Það hafði semsagt verið hjá henni. Við vorum með það fyrstu þrjú árin hjá mér, næstu hjá henni, svo átti það að koma aftur til mín en hún fyllti ekki út þann pappír. Þannig að þá... þá fer ég í dómsmál. Svo þegar ég er búinn að vera í dómsmálinu í einhvern tíma, þá fæ ég upplýsingar um það að ef það er dómsmál, þá geta þeir ekki úrskurðað [um umgengni]. Og það var sko einhverjir mánuðir liðnir, ekkert bolaði á úrskurði. Og þá bara, þegar ég fattaði þetta þá sendi ég þeim bara póst, sagði „þið getið felld málið niður“. Og þá felldu þeir það niður.

Þegar einn faðirinn er spurður að því hvaða máli hann skiptir sem faðir barns síns nefnir hann að stutt sé í þessa uppgjöf hjá honum, enda hafði hann reynt í fleiri ár að fá dóttur sína til sín reglulega:

Mér finnst það vera mjög mikilvægt. Að hún fái að hafa pabba. Ég hef ekki fundið fyrir því í þjóðfélaginu að það sé hljómgrunnur fyrir því. Og það dregur dálítið úr mér, viðurkenni ég. Þannig að sama skapi, eins og þú varst að spyrja rétt áðan, ef hún myndi neita að koma til mín, þá myndi ég einmitt bara bakka og gera ekki neitt. En... mér finnst mikilvægt að eiga umgengni við báða foreldra.

Svipaða upplifun af uppgjöf eftir baráttu fyrir rétti barns þeirra að þekkja og umgangast báða foreldra er að finna hjá öllum feðrum. Hún lýsir sér ekki alltaf þannig að þeir hætti að sækjast eftir umgengni við börn sín, heldur líka þannig að þeir sætti sig við mun minni umgengni en þeir vildu og telja barni sínu fyrir bestu.

## 6.2 Vanmáttur

Einn faðirinn stóð frammi fyrir því eftir rúmlega árs baráttu fyrir umgengni við dóttur sína að úrskurðað var um umgengni til bráðabirgða, en þegar úrskurður lá fyrir var umgengni ákveðin einu sinni í viku, nokkra klukkutíma í einu. Láðist þá að setja ákvæði í samninginn sem segir til um fyrirkomulag umgengni þegar barn er ekki í dagvist vegna frídaga daggæslunnar og reyndist honum erfitt að fá umgengni þegar svo bar á vegna þess að samskipti milli hans og barnsmóðurinnar fóru alfarið fram í gegnum lögfræðinga þeirra:

Og svo eru dagar eins og sautjándi júní að, af því að ef umgengni fellur niður á miðvikudögum þá skal hún tekin upp strax næsta dag og svo bara koll af kalli og sem dæmi þá, átti umgengni að fara fram sextánda júní. Þá var hún lasin svo var lokað hjá dagmömmu sautjándi júní og þá næ ég ekki á [lögfræðinginn eða aðstandenda barnsmóður], skiluru og svo- svo kemur föstudagur, næ ekki á [þau], svo kemur helgi, næ ekki á [þau]. Og svo fer hún til dagmömmu á mánudag og þá fæ ég bara skilaboð frá dagmömmunni, „Sæll. Hún er komin í dag, þær sögðu að þú myndir sækja hana“.

Feðurnir ráku sig margir á vegg þegar þeir leituðu til stjórnvalda með mál sín og áttuðu sig fljótlega á bágri réttarstöðu sinni, eins og einn faðirinn sem samþykkti að lögheimili barns hans yrði flutt úr landi í eitt ár:

Þegar ég fór að tala um við hana að eftir það ár var búið hvenær hún ætlaði að koma heim eða hvort að hún, vildi semsagt leyfa [dóttur] að koma heim og vera með lögheimili hjá mér, þá neitaði hún því. [andvarp] Og þá fór ég að skoða herna, umgengnissamninginn okkar sem var semsagt skrifaður herna hjá sýslumanni í Reykjavík. Sem segir til um að það eigi að vera jöfn umgengni. Og þá segir hún [fulltrúi sýslumanns] að umgengnissamningurinn sé ekki í gildi af því að hún búi ekki á Íslandi. Sem ég vissi ekki semsagt en eftir að ég talaði við lögfræðing þá er það semsagt rétt hjá henni þannig að það er enginn umgengnissamningur.

Annar faðir segist hafa verið hræddur frá því að rekja forsjármál fyrir dómi vegna ítrekaðra tálmana móður vegna þess að hann óttaðist að móðurinni yrði dæmd full forsjá og að hann hefði þá enn minna tilkall til barns síns:

Og ég óttaðist að dómari myndi velja að dæma [móður] forsjá. Það eru fordæmi fyrir því [...] Og ég þóttist sjá teikn á lofti og lögmaðurinn minn var sammála. Að það gæti allt eins gerst að henni [yrði] dæmd full forsjá. Og það vildi ég ekki. Þannig ég felldi málið niður.

Þá upplifði einn faðir sig ráðalaus og sá enga aðra kosti í sinni stöðu en að stefna barnsmóður sinni eftir að hann hafði ekki fengið að hitta dóttur sína í næstum ár:

Sko ég náttúrliga fór í gegnum sýslumann, ég fór í gegnum barnaverndarnefnd, sem endaði þannig að við fórum í svona sáttameðferð sem hún mætti ekki [í]. Það var gefið út vottorð um misheppnaða sáttameðferð og þá var minn eini kostur að stefna henni. Forsjármáli. Og þá hringi ég í ömmuna. Tilkynni henni það. En að ég vilji ekki gera það, heldur vil ég sem sagt bara komast að sátt. Og viðmótið sem ég fékk var bara „þá bara gerir þú það“.

Nokkrir feðranna upplifðu að móðirin reyndi að hafa áhrif á orðspor þeirra hvað varðar skort á þátttöku þeirra í uppeldi barna sinna. Þegar einn er spurður hvort barnsmóðir hans spyrji hvað þau mæðgin höfðu gert á meðan á umgengni stóð svarar hann:

E, já. Svo reynir hún líka að hafa áhrif á hvað við gerum sko. [...] Við fórum í sund í eitt skipti. Og hún fréttir af okkur í sundi. Við búum á [...], lítill bær, og [ræskir sig] þær [barnsmóðir og móðuramma] eru náttúrulega búnar að segja úti í bæ að ég hafi engan áhuga á stelpunni og þess vegna sé ég ekki í umgengni við hana. Og svo sést til okkar í sundi og hún væntanlega spurð út í það en svo kemur hún og nær í hana og þá hellir hún sér yfir mig með stelpuna í fanginu, hvern fjandann ég sé að þæla að fara með hana í sund. Ég sé að fara með hana í karlaklefan og bera hana fyrir fullum klefa af nöktum karlmönnum. Og það sé „ótrúlega gaman fyrir þig að láta sjá þig með hana í sundi, en ég er bara að hugsa um hennar hag“ og... já.

Réttlætningar barnsmæðranna voru fjölbreytilegar og ýttu undir erfiðleika í samskiptum þeirra og feðranna. Bar þá á því að feðurnir virtust hafa þá upplifun að þeir þyrftu að sætta sig við ákveðna framkomu til þess að fá að njóta umgengni við börn sín. Einn faðir lýsir því að barnsmóðir hans sá umgengni hans við barn sitt sem greiða sem hún veitti honum:

Barnsmóðir mín [hefur] eiginlega alltaf verið þannig ég á helst ekki að koma nálægt barninu sko.. Og svona fyrst á eftir [sambandsslitunum] þá mátti mamma ekkert heldur neitt og ekki heldur systir mín sko, en svo [...] bara vantar henni stundum aðstoð sko. Og hún getur náttúrulega ekki beðið mig. Þannig að þá hefur hún svona stundum [verið] að, fara til mömmu og mamma stundum að passa stelpuna eitthvað [...] en það var samt aldrei.. leitað til mín, hún myndi aldrei gera það sko, því að þá ætti ég inni hjá henni greiða kannski, ef hún myndi biðja mig að vera með barnið. En þá fer hún svona stundum að fara til mömmu og eitthvað en.. Mér hefur stundum fundist að mamma mín og systir mín, þær hlaupa alltaf undir bagga með henni.. vita samt alveg að ég er að reyna að berjast fyrir að fá að hitta barnið. Fæ eiginlega aldrei að hitta það.

Rauður þráður sem fylgdi frásögnum allra feðranna voru upplifanir sem lýstu sér þannig að fólk flokkaðist í tvo hópa, þá sem voru „með“ eða „á móti“ aukinni umgengni barnanna við feður sína.

### 6.3 Ágreiningur

Allir feðurnir höfðu reynslu af ágreiningi við barnsmæður sínar en aðeins einum þeirra hafði tekist að greiða úr þeim ágreiningi og segir hann aðalástæðuna fyrir því vera að barnsmóðir hans fór að búa með manni sem hafði reynslu af árangursríkri foreldrasamvinnu:

[...] það er náttúrulega kannski eðlilegt að það sé eitthvað svona drama fyrstu mánuðina, kannski fyrsta eina árið eða eina og hálfu árið... og svo, eftir að hún byrjar með karlinum sem hún er með í dag þá [...] fara hlutirnir sko milli mín og hennar að lagast, það virðist vera, að hann á náttúrulega börn sjálfur fyrir sko, það virðist vera að hann hafi sett henni bara alveg skýrar línur með það hvernig umgengni og samskipti við

mig yrðu sko. [...] mín tilfinning fyrir því er sú að hann hefði bara sett henni mörk um það að nenna ekki að vera með henni ef hún ætlar [hlær] að vera með eitthvað vesen gagnvart mér, því að það skili ekki neinu nema bara til þess að eyðileggja fyrir börnunum sko.

Einn faðirinn lýsir því að barnsmóðir hans sagðist ætla að gera honum erfitt fyrir að umgangast barn sitt og að hún ætlaði sér ekki að stuðla að heilbrigðum samskiptum milli þeirra foreldra:

[Talar um sambandslitin] og þá – síðan þá hefur bara.. verið svona frekar strembið. Yfirleitt.. Hún náttúrulega bara.. ákvað að hún ætlaði að vera erfið.. bara strax. Og hún hefur alveg staðið við það. Sagði það meira að segja við frænku mína. Af því að [annað barn] var náttúrulega að koma til mín eitthvað og þá var náttúrulega stundum eitthvað ósætti og þannig [við fyrri barnsmóður]. En eins og þessi sem við erum að tala um núna, eins og hún sagði frænku minni að ef ég héldi að [fyrri barnsmóðir] hefði einhvern tímann verið erfið við mig, þá væri það [ekkert] miðað við það sem hún ætlaði að [gera við mig]. Þannig að þá var það eiginlega bara svona..

Þegar einn faðirinn fór í sáttameðferð með barnsmóður sinni til að greiða úr ágreiningi milli þeirra hvað varðaði fyrirkomulag umgengni hefur hann orð á því að honum fannst sáttamaður taka skýra afstöðu með móðurinni:

Og mér fannst hún alltaf tala á móti mér. Tala með barnsmóður minni... ég reyndi alltaf að sækjast eftir því að fá börnin eftir vaktakerfinu mínu, ég taldi það þjóna hagsmunum barnanna best.. ef ég er á næturvakt eða dagvakt eða eitthvað þá get ég ekkert verið að sinna börnunum... En barnsmóðir mín vildi ekki lifa eftir vaktakerfinu mínu... skil það svo sem ágætlega, en við erum ekki að tala um hana eða mig í þessu samhengi. Við erum að tala um hagsmuni barna.. og starfsmaður sýslumanns reyndi ítrekað að útfæra vaktafyrirkomulagið mitt á einhvern allskonar máta.. og fór meðal annars hringinn í kringum þetta vaktakerfi. Og stakk upp á því [í] eitt tilfelli þá yrði þetta svona fyrirkomulag, ég fór yfir blaðið sem hún var með og horfði á hana og sagði „Þú ert í raun bara að umorða vaktakerfið mitt“ og hún leit aftur á blaðið og segir „Já, nei, við skulum gleyma þessu.“ Og það varð ekki, ég man ekki hvort það hafi verið áttundi eða níundi fundur sem við vorum komin á sem að barnsmóðir mín féllst á þetta.

Í máli eins föðurins hafði fulltrúi Sýslumanns þó reynt að leysa úr ágreiningi foreldranna þegar þau sömdu um hvernig forsjá barna þeirra skuli háttað eftir sambúðarslit en staðfesti þó kröfu móðurinnar um fulla forsjá:

[...] hún vildi ekki samþykkja sameiginlega forsjá á sínum tíma. Hún sagðist ætla að gefa því séns sko. Áður en hún tæki endanlega ákvörðun um það hvort hún myndi vilja fulla forsjá eða sameiginlega. Og þegar hún mætir á fund Sýslumanns aðeins á undan mér og það var búið að haka í allt og að forsjá væri bara hjá móður og ég svona skoðaði þetta og sagði bara „af hverju?“ og þá voru svörin við því bara „samband okkar hefur ekki verið



það gott sko“ að hún sjái fram á að sameiginleg forsjá geti gengið. [...] Sýslumannsfulltrúinn var svona að reyna að draga úr þessu og benda á að það er nú meginreglan í þessum málum er það að það sé sameiginlegt sko... og.. hún vildi fá fulla forsjá og hóttaði mér svo málsókn ef ég myndi ekki samþykkja það. Og þá hugsaði ég með mér, „Ókei, [...], nú þarft þú að hugsa aðeins svona, wise“

Þá höfðu tveir feðranna lenti í því að barnsmóðir þeirra fór fram á meðlag aftur í tímann þegar ágreiningur var á milli þeirra. Annar þeirra fékk þó fulltrúa Sýslumanns til þess að bæta ákvæði í samning þeirra um skiptingu forsjár og lögheimilis en lenti þrátt fyrir það í meðlagsskuld:

[...] það var samið um það hjá Sýslumanni að borga ekki meðlag, það væri bara vika og vika. [...] Það var samið um það munnlega. Og Sýslumaður benti okkur á að það væri ekki hægt á pappír. Og það væri sem sagt, já, það var bara þannig. Þannig það var samið um það þar [andvarp] og fyrsta árið var það ekki rukkað inn. Eða neitt þannig. Og svo flutti hún [...], og svo leið held ég ár eða eitthvað og svo kom Innheimtustofnun sveitarfélaganna og rukkaði mig.. og það var þá aftur í tímann þannig að þá var skuld já.

Áherslur sem komu fram í frásögnum feðranna voru aðallega þær að þeim fannst þeir ekki fá nægjanlega aðstoð frá hinu opinbera við að greiða úr ágreiningi milli sín og barnsmæðra þeirra. Þeim fannst viðmót starfsmanna í sumum tilfellum gefa til kynna viljaleysi í úrlausn mála sinna og fannst þeir koma að luktum dyrum hvort sem þeir leituðu til sýslumanns eða barnaverndar, en einnig þegar þeir sóttust eftir úrlausn máls síns fyrir dómi.

## 7. Niðurstöður úr viðtölum við starfsfólk barnaverndar og sýslumanns

Hér verður greint frá niðurstöðum úr viðtölum við starfsmenn hjá barnaverndum í Reykjavík og Kópavogi og hjá Sýslumanninum á Höfuðborgarsvæðinu. Þegar búið var að taka viðtöl við starfsmennina voru þau afrituð og niðurstöður þeirra nýttar til að gefa betri sýn á framkvæmd laganna innan barnaverndar og Sýslumannsembættisins, sem og að sýna fram á skort á úrræðum og þjónustu við þau börn sem einhverra hluta vegna fá ekki að njóta umgengni við foreldra sína.

Lykiláhersla verður lögð á þau atriði sem varpa ljósi á viðbrögð þessara stofnana við því þegar ágreiningur foreldra leiðir til þess að barn fær ekki að umgangast báða foreldra í nógu ríkum mæli. Í nokkrum tilvikum gátu þau veitt meiri innsýn í verkferla og ákvarðanir sem lágu að baki mála feðranna sex eftir að grófar kringumstæður þeirra voru bornar undir þau. Það sem starfsmennirnir voru þó allir sammála um var að þeim fannst opinberar stofnanir ekki geta sinnt umgengismálum eins vel og þörf var á.

### 7.1 Skortur á úrræðum meðal stofnana

Það sem helst kom fram og var sameiginlegt meðal viðmælenda var að þeir töldu það ekki vera innan verkahringis stofnanna sinna að koma á umgengni barna við umgengnisforeldri sitt í ágreiningsmálum. Þá kom fram að eftir breytingu á barnalögum sem var leidd í lög árið 2012 (þingskjal nr. 1529/2012) sinni barnavernd ekki lengur umgengni undir eftirliti í þeim málum þar sem hún hefur verið dæmd eða úrskurðuð:

[...] ég hef alveg unnið hjá fleiri sveitarfélögum en Kópavogi þar sem að dómur bara vita ekki betur og eru að dæma um að umgengni eigi að fara fram undir eftirliti. Þá erum við að tala um að þetta er dómur í einkamáli, þetta er ekki dómur í Barnaverndarmáli. Það er ekki lagastoð fyrir því að Barnavernd fari með eftirlit. Okkur ber engin skylda til að gera það í lögunum. Það er eins og dómur átti sig ekki á því. [spurð hvað foreldri gerir sem fær dæmda umgengni undir eftirliti] Já. Það er bara góð spurning. Við erum bara með þarna... svæði í kerfinu þar sem er bara no man's land.

Þá benti fulltrúi barnaverndar í Reykjavík á að hennar upplifun væri að feður sem fá ekki að umgangast börn sín leita allra ráða sem þeim dettur í hug í þeirri von að fá aðstoð hjá hinu opinbera:

Margir [foreldrar] sem hringja í okkur sem eru í þessari stöðu og vilja koma málunum inn í barnaverndina en við auðvitað bara þurfum einhvern veginn að draga línu. Þetta eru ekki barnaverndarmál. Þetta er umgengnisdeila eða forsjárdeila sem á ekki heima hjá barnaverndinni. [síðar í viðtali] Þeir segja að auðvitað, og maður skilur það alveg, þeir hringja í örvæntingu hingað og upplifa alveg að það sé verið að kasta þeim á milli kerfanna. [...] Og það er alveg gert. Okkur finnst það auðvitað ekkert gott. En við vinnum samkvæmt barnaverndarlögum og erum þá að horfa á aðbúnað barna.

Allir sem rætt var við höfðu þó samúð með stöðu barnanna og þá kom aðallega fram það sjónarhorn að börnin væru sett í ömurlega stöðu við ágreining foreldranna. Þá vildu sérfræðingar í málefnum barna að það ætti að vera hægt að leita ráðgjafar í ágreiningsmálum og benti þá á félagsþjónustu sveitarfélaganna:

Ég myndi vilja, eins og það er á Norðurlöndunum að sérfræðiráðgjöf væri ekki endilega hluti af sviðinu heldur í öðrum farvegi sem færi fram áður en málin fara til Sýslumanns, kannski með vísun til félagsþjónustu. Þjónustan kæmi inn þar sem er til dæmis rof á umgengni af einhverjum ástæðum og fólk þarf sértæka meðferð til að læra að nálgast barnið sitt og skapa við það tengsl. Það getur verið allt öðruvísi vinna en markmið barnalaga segir til um sem sýslumaður vinnur eftir. Við erum samt að reyna að vinna þessa vinnu og veita meðferð þar sem það er enginn annar staður til þess í opinbera kerfinu. Stundum koma mál inn þar sem foreldri er að óska eftir umgengni við barn sem þau hafa ekki hitt í sex ár.

Þá benti sami starfsmaður á að samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaganna ættu foreldrar að geta meðal annars sótt ráðgjöf á sviði uppeldismála:

Ef þú skoðar [lög um] félagsþjónustu sveitarfélaganna þarna í 17. greininni þá á að bjóða upp á þetta [skilnaðarráðgjöf]. En þau, bara, það fórna allir öllum höndum benda á hjá sýslumanni um leið og einhver segir, hérna, umgengni. Þá er bara „Nei, neineinei“

Greinilegt var að allir starfsmennirnir töldu brýna þörf á úrbótum í ágreiningsmálum foreldra um umgengni, en mismunandi var hvernig og hvar þau töldu að þeirra væri mest þörf.

## 7.2 Úrbætur

Eins og fram kom hér að ofan lögðu starfsmenn Sýslumannsins á Höfuðborgarsvæðinu áherslu á að virkja hæfni foreldra til samstarfs og uppeldis barna sinna með því að veita þeim greiðari aðgang að ráðgjöf hjá félagsþjónustunni. Fulltrúi barnaverndar í Kópavogi lagði hinsvegar til að sett væri á laggirnar sérstök stofnun sem sinnti einungis umgengnismálum:

Ég verð að viðurkenna, ég þekki náttúrulega aðeins fyrirkomulagið hjá Sýslumanni og allt það. Ég veit að þeir koma að umgengni og öðru slíku, en ég held að þeir mættu koma meira að umgengninni. [...] Það vantar í raun eitthvað svona... hvað á maður að segja? Umgengnisstofnun. Ég veit ekki hvort það væri rökrétt, en eitthvað svona batterí sem sér um þetta, af því að börn eiga auðvitað rétt á að umgangast foreldra sína. Það er svo mikilvægt að láta á það reyna og að þau fái tækifæri til þess.

Starfsmaður Sýslumanns tók undir það að það þyrfti að vera nægjanleg mönnun til þess að sinna umgengnismálum og nefndi einnig vöntun á slíkri stofnun. Þetta studdi hún með því að benda á mikilvægi sérfræðiþekkingar þegar kemur að úrlausn ágreininga um umgengni:

Þegar þau [málin] eru komin þangað [til Sýslumanns], þá eru þetta ótrúlega flókin mál, með mörgum sannleikum, það er sannleikur aðila, það er sannleikur barnsins, það eru aðilarnir í kring. Og allt sem hefur gerst, og allir segja sömu söguna en bara akkúrat öfugt. [...] Eiginlega bara mjög oft er það þannig. Þannig að ég held að þú þarft að vera sérfróður í þessu til þess að geta tekist á við svona mál. Og ég hef unnið á þjónustumiðstöð og það eru bara ótrúlega krefjandi verkefni þar. En þú þarft að vera bara í þessu til að sinna þessu. Þú ert ekki bara að veita fjárhagsaðstoð og svo ferðu og tekur eitt svona mál. Þetta þarf að vera ákveðin fræði á bak við svona mál. Þú þarft að hafa þau á bakvið þegar þú ert að nálgast þau. Þetta eru svo high conflict mál. Þetta eru ákveðnar aðferðir sem er beitt í svona málum. Sem fólk kann, eða þá er ekki að nota, öllu að jafna. Þannig að ég held að við þurfum bara einhverskonar hús. Fjölskylduhús, utan um þetta.

Þessi tillaga fékk jákvæðar undirtektir hjá fulltrúa barnaverndar í Reykjavík, en hún bætti við að þetta gæti einnig verið notað til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga sem kæmu að notum þegar úrskurðað var um umgengni:

En það gæti alveg líka verið, ef það væru jafnvel sálfræðingar sem væru að fylgjast með. Þá gætu þeir kannski aflað mikilvægra upplýsinga, í svona umgengni, [með því að] horfa á samskiptin. [...] Kannski hleypur barnið bara í fangið á foreldrinu og bara ofboðslega glatt, eða það sýnir að það er eitthvað hrætt eða, þó að það getur verið erfitt kannski að

geta í af hverju barn er svona, getur líka bara [verið] búið að innræta því skilurðu. En það segir mikið ef barn hleypur við fangið á foreldri sem hitt foreldrið er einhvern veginn ekki að leyfa því að hitta og talar illa um og segir að það sé hættulegt svona eða hinsegin. Ég hef alveg séð svoleiðis dæmi. Þá verður það ekkert voðalega trúverðugt ef barnið fagnar foreldrinu.

Ljóst er að af þessu má draga þær ályktanir að sú upplifun feðranna að takmarkaða hjálp sé að fá hjá opinberum stofnunum til þess að tryggja börnum þeirra umgengni við báða foreldra er studd af frásögnum starfsmannanna. Meðal starfsmanna ríkir eindreginn vilji til úrbóta og samhugur með aðstæðum barna sem fá einhverra hluta vegna ekki að njóta nægilegrar umgengni við umgengnisforeldri sitt, en úrræðin eru takmörkuð.

## 8. Umræða

Í þessum kafla verður rannsóknarspurningu svarað og niðurstöður viðtalanna og spurningakannananna verða ræddar og settar í samhengi við fyrirliggjandi þekkingu. Tilgangur rannsóknarinnar er að fá innsýn í ástæður þess að fjarstaddir feður taka oft lítinn eða engan þátt í uppeldi barna sinna. Leitast var við að svara rannsóknarspurningunni: Hvað kemur í veg fyrir að íslenskir feður taki meiri þátt í umönnun barna sinna? Spurningakannanir voru lagðar fyrir til aflu upplýsinga um stöðu feðra og umgengni og óskað eftir viðmælendum í viðtalsrannsókn. Tekin voru viðtöl við sex feður sem sinntu barni eða börnum sínum minna en sem nemur viðmiði um lágmarks Umgengni, eða aðra hvora helgi að jafnaði (Þingskjal nr. 181/2002-2003). Eftir viðtölin við feðurna voru starfsmenn barnaverndarnefnda í fjórum sveitarfélögum og starfsmenn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu beðnir um viðtal, en af þeim náðist viðtal við starfsmenn sýslumanns og barnaverndarnefnda í Kópavogi og Reykjavík. Í viðtölunum voru tekin dæmi úr viðtölum við feðurna og starfsmennirnir beðnir um álit og tillögur á þeim.

Í byrjun verkefnis var lagt upp með tilgátur um að það væru einkum feður sem eignast börn utan sambands og hafa aldrei búið með barnsmæðrum sínum sem ekki ná að rækja umgengni við börn sín og því var ætlunin að útbúa fræðsluefni sem væri birt á Heilsuveru og kynnt feðrum sem ættu von á barni utan sambands. Ákveðinn galli var þó á framkvæmd rannsóknarinnar, þar sem að þrátt fyrir að auglýst hafi verið eftir feðrum sem höfðu aldrei deilt lögheimili með barni sínu, gáfu sig einungis fram til viðtala feður sem höfðu verið í sambandi með barnsmóður og búið með barni sínu. Þess vegna er ekki hægt að álykta um aðstæður feðra sem hafa aldrei deilt lögheimili með barni eða börnum sínum út frá niðurstöðum þessarar rannsóknar. Þörf er á að rannsaka þann hóp enn frekar.

Niðurstöður viðtala sýndu að í helmingi tilvika var umgengni lítil eða engin vegna ágreinings foreldra. Hjá tveimur feðrum mátti rekja ástæðu fyrir lítilli umgengni til fjarlægðar milli heimila en í öðru þessara tilvika var faðirinn með aðsetur nær börnum sínum sem hann nýtti sér oft þegar hann eyddi tíma með þeim. Hjá einum föður hafði barnið sjálfst ákveðið að draga úr umgengni, enda hafði það aldur til þess. Allir feðurnir höfðu sögu um ágreining við barnsmóður sína og aðeins einn viðmælenda á í góðu sambandi við barnsmóður í dag.

Þátttaka feðranna í umönnun á fyrsta ári í lífi barns eða barna þeirra var ekki ábótavant. Tóku þeir allir virkan þátt í daglegri umönnun barna sinna. Þekking feðranna á löggjöf hvað varðar rétt barna þeirra til umgengni við feður sína, rétt feðranna til upplýsinga um barnið o.s.frv. leiddi í ljós að flestir feðurnir þekktu þau lagaákvæði sem spurt var um. Allir feðurnir vissu að þeir áttu rétt á fæðingarorlofi og vissu að það er lögbundinn réttur barns að umgangast báða foreldra. Það sem var áhugavert var þegar þeir voru spurðir hvort þeir vissu að þeir áttu rétt á upplýsingum um barn sitt sögðu þrír að þeir höfðu lært af þessu eftir að hafa leitað réttar síns í barnalögum eftir ágreining við barnsmóður sína. Einn vissi af þessu áður en tveir vissu þetta ekki. Aðeins tveir feðranna vissu að umgengnisforeldri hefði rétt til að taka nauðsynlegar ákvarðanir um daglegar athafnir barns. Nokkrir feðranna voru óvissir um málsmeðferð umgengnis- og forsjármála og má þar nefna að einn taldi sérfræðing í málefnum barna á vegum sýslumanns vera fulltrúa barnaverndarnefndar og annar ruglaði saman umgengnis- og lögheimilisforeldri. Það virtist sem að þekking þeirra á málsmeðferð og löggjöf er snýr að forsjár- og umgengnismálum aukist svo um munar eftir langvarandi ágreining. Því má ætla að réttindafræðsla og félagsleg ráðgjöf væri þeim til hagsbóta strax og bólar á ágreiningi eða til þess að fyrirbyggja mögulegan ágreining milli foreldra.

Niðurstöður viðtalanna sýna að þörf er á úrræði fyrir fjölskyldur sem eiga í ágreiningi um umgengnis- og forsjármál. Feðurnir lýstu sorg yfir skorti á samskiptum við barn eða börn sín, vanmætti sem lýsti sér í úrræðaleyfi opinberra stofnana og ágreiningi, bæði við barnsmæður sína og sem hluti af málaferlum sínum. Starfsmenn beggja barnaverndarnefnda og starfsmaður sýslumanns nefndu þörf á stofnun til að sinna þessum málum og að þörf væri á að bjóða upp á umgengni undir eftirliti til að viðhalda tengslum barns við foreldra sína. Skortur virðist einnig vera á því að fræða lögheimilisforeldra um skyldur sínar skv. 46. gr. bl. nr. 76/2003 um að stuðla að heilbrigðum samskiptum og umgengni barns við umgengnisforeldri. Fulltrúi barnaverndar í Reykjavík undirstrikaði þessa þörf með því að benda á þann fjölda beiðna sem þau fá um að hlutast til um slík mál og það er auðsjáanlegt af sjö mánaða biðtíma fyrir sáttameðferð hjá sýslumanni. Einnig kom fram að aðeins 60% þeirra mála sem koma í sáttameðferð lýkur með sáttum, sem bendir til þess að þar er meiri ágreiningur en hægt er að leysa með samtalsmeðferð og því enn meiri hætta á tengslarofi barns við foreldri sitt.

Af þessum niðurstöðum má ætla að ástæður líttillar umgengni þessara feðra séu í nokkru samræmi við niðurstöður rannsóknar Parkinson (2010). Þar segir að ástæðu feðra má rekja til ágreinings milli foreldra, mæðra sem sinna hlutverki hliðvarða (e. gatekeeping); að foreldrar taki saman við nýjan maka; fjarlægð milli heimila og sú tilfinning feðra að þeir verði fyrir útskúfun af löggjöfinni. Nánar þyrfti þó að skoða þetta og mætti þá leggja áherslu á hjúskaparstöðu beggja foreldra til þess að prófa tilgátturnar í heild sinni.

Ákveðinn galli var á framkvæmd rannsóknarinnar eins og hefur komið fram. Þátttakendur reyndust allir hafa verið í sambúð með barnsmæðrum sínum og búíð með barni eða börnum sínum á einhverjum tímapunkti og því er enn vöntun á rannsókn um tengslamyndun og umgengnishlutfall feðra sem hafa aldrei búíð með barnsmæðrum sínum. Þó var kostur falinn í því að nálgast viðmælendur eftir hlutfalli umgengni þeirra við börn sín og má því ætla að sami skortur á úrræðum eigi við fleiri feður sem eiga börn sem njóta minna en lágmarks Umgengni við börn sín. Áhugavert væri að beina sjónum að barnsfeðrum þeirra í framtíðinni og greina hlið þeirra á málinu til þess að sjá hvers eðlis ágreiningur foreldra er.



## Heimildaskrá

Amato, P. R. og Dorius, C. (2010). Fathers, children, and divorce. Í Lamb, M. E. (ritstjóri), *The Role of the Father in Child Development* (bls. 177-200). Wiley.

Barnalög nr. 76/2003

Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna. (e.d.). *Saga Barnasáttmálans*.

<https://www.barnasattmali.is/is/fyrir-foreldra/saga-barnasattmalans>

Barnaverndarlög nr. 80/2002

Bertha María Jónsdóttir. (2021). *Börn sem búa á tveimur heimilum: Ákvarðanatataka og aðgangur foreldra að upplýsingum um barn* [BA ritgerð]. Skemman.

<http://hdl.handle.net/1946/38144>

Embætti landlæknis. (2008). *Meðgönguvernd heilbrigðra kvenna í eðlilegri meðgöngu. Klínískar leiðbeiningar*. <https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2548/4407.pdf>

Félags- og tryggingamálaráðuneyti. (2009). *Skýrsla nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum*. [https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/09frettatengtfe09/skyrsla\\_nefndar\\_um\\_stodu\\_barna\\_i\\_mismunandi\\_fjol\\_skyldugerfum.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/09frettatengtfe09/skyrsla_nefndar_um_stodu_barna_i_mismunandi_fjol_skyldugerfum.pdf)

Félagsmálaráðuneytið. (2020, 17. janúar). Tæplega 40% hjónabanda á Íslandi lýkur með skilnaði; Félags- og barnamálaráðherra hefur tilraunaverkefni í þágu foreldra og barna í kjölfar skilnaðar. *Stjórnarráð Íslands*. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/01/17/xxx/>

Guðný Björk Eydal. (2018). Policies and practices for single parents in Iceland. Í Niewenhuis, R. og Maldonado, L. C. (ritstjórar), *The triple bind of single-parent families. Resources, employment and policies to improve well-being* (383-400). Policy Press.

Guðný Björk Eydal og Heimir Hilmarsson. (2012). Fjölskyldur og framfærsla barna. Í Halldór S. Guðmundsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum: XIII*. <http://hdl.handle.net/1946/13379>

Guðný Björk Eydal og Hrefna Friðriksdóttir. (2010). Framfærsluskyldur foreldra. Meðlagskerfi Norðurlanda. Í Halldór S. Guðmundsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum XI*. <http://hdl.handle.net/1946/6708>

Guðríður Bolladóttir. (1. september 2021). Re: Rannsókn á þátttöku feðra í umönnun barna sinna [tölvupóstur].

Guðrún Hálfánardóttir. (2018, 9. maí). „Óhreinu börnin hennar Evu“. *Mbl.is*. [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/05/09/ohreinu\\_bornin\\_hennar\\_evu\\_3/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/05/09/ohreinu_bornin_hennar_evu_3/)

Hagstofan. (e.d.). Kjarnafjölskyldur eftir sveitarfélögum og fjölskyldugerð 1998-2021. <https://px.hagstofa.is:443/pxis/sq/60f93345-da15-4e3f-9920-832942cb934b>

- Hakovirta, M. og Guðný Björk Eydal. (2020). Shared care and child maintenance policies in nordic countries. *International Journal of Law Policy and the Family*, 34(1), 43-59. <http://dx.doi.org/10.1093/lawfam/ebz016>
- Hrefna Friðriksdóttir. (2013). Handbók: Barnalög nr. 76/2003 með síðari breytingum. Úlfljótur.
- Innanríkisráðuneytið. (2013). Reglur um ráðgjöf og sáttameðferð samkvæmt 33. og 33. gr. a barnalaga nr. 76/2003, með síðari breytingum skv. lögum nr. 61/2012 og 144/2012. <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2013/reglur-um-sattamedferd.pdf>
- Innheimtustofnun sveitarfélaga. (e.d.). <https://medlag.is>
- Kristlín Dís Ingilínardóttir. (2021, 6. febrúar). Feður sem yfirgefa börnin sín. *Fréttablaðið*. <https://www.frettabladid.is/frettir/fedur-sem-yfirgefa-bornin-sin/>
- Lamb, M. E. (2010). How do fathers influence children's development? Let me count the ways. Í M. E. Lamb (ritstjóri), *The Role of the Father in Child Development* (bls. 1-26). Wiley.
- Linda Sæberg. (2017). „Aðalmálið er að veita bestu þjónustuna fyrir börn og fjölskyldur“. *Austur-glugginn*, 2017(40), bls. 8. <https://www.mulathing.is/static/files/Skjol/Felagsthjonusta/juliasaemundsdottir.jpg.pdf>
- Lög um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991
- Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144/2020
- Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000
- Lög um húsnæðisbætur nr. 75/2016
- Lög um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020
- Lög um samning Sameinuðu Þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr.86/2021
- Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994
- Marsiglio, W. og Hinojosa, R. (2010). Stepfather's lives: Exploring social context and interpersonal complexity. Í M. E. Lamb (ritstjóri), *The Role of the Father in Child Development* (bls. 270-295). Wiley.
- Parkinson, P. (2010). Changing policies regarding separated fathers in Australia. Í M. E. Lamb (ritstjóri), *The Role of the Father in Child Development* (bls. 578-614). Wiley.
- Samvinna eftir skilnað. (e.d.). *Um SES*. <https://samvinnaeftirskilnad.is/client/default.aspx?CAID=1225>
- Sigríður Magnúsdóttir. (2003). *Upplifun fjarstaddra feðra á föðurhlutverkinu* [Lokaverkefni til meistaraáráðu í hjúkrunarfræði]. Háskóli Íslands.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir. (2013). *Eftir skilnað: um foreldrasamstarf og kynslóðatengsl*. Háskólaútgáfan.

- Sigrún Júlíusdóttir, Sólveig Sigurðardóttir og Dögg Pálsdóttir. (2018). Children's voices on equal time-sharing arrangement following parents' divorce. *Journal of Social Welfare and Family Law*, 40(2), 164-180. <https://doi.org/10.1080/09649069.2018.1446710>
- Sýslumenn. (e.d.a) Beiðni um aukið meðlag. <https://island.is/beidni-um-aukid-medlag>
- Sýslumenn. (e.d.b). Staða fjölskyldumála. <https://island.is/s/syslumenn/stada-fjolskyldumala>
- Umboðsmaður barna. (2019). Efni: Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni), 123. mál. [umsögn] <https://www.althingi.is/altext/erindi/150/150-270.pdf>
- Þingskjal nr. 1236/2021. Lög um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta barns)
- Þingskjal nr. 1502/2015-2016. Tillaga til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur.
- Þingskjal nr. 1529/2012. Lög um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (forsjá og umgengni).
- Þingskjal nr. 181/2002-2003. Frumvarp til barnalaga
- Þingskjal nr. 2050/2018-2019. Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Höllu Gunnarsdóttur um dagsektir í umgengnismálum.
- Þjóðskrá. (e.d.). *Vegabréf*. <https://www.skra.is/folk/vegabref-og-onnur-skilriki/vegabref/>

## **Viðaukar/fylgiskjöl**

## 1. Fyrri spurningakönnunin

Hvað áttu mörg börn?

- Eitt barn
- Tvö börn
- Þrjú börn
- Fjögur börn
- Fimm börn
- Sex börn

Hversu gamalt er barn 1?

\_\_\_\_\_

Hversu gamalt er barn 2?

\_\_\_\_\_

Hversu gamalt er barn 3?

\_\_\_\_\_

Hversu gamalt er barn 4?

\_\_\_\_\_

Hversu gamalt er barn 5?

\_\_\_\_\_

Hversu gamalt er barn 6?

\_\_\_\_\_

Hversu miklum tíma varðir þú með barninu þínu síðustu 12 mánuði?

(Hér er átt við dvöl barns á heimili föður, hitting/samveru, lengra myndsímtal eða símtal).

	Barn 1	Barn 2	Barn 3	Barn 4	Barn 5	Barn 6
Hef ekki hitt barnið síðustu 12 mánuðina	0	0	0	0	0	0
Einu sinni eða tvisvar á ári	0	0	0	0	0	0
3-5 sinnum á ári	0	0	0	0	0	0
6-11 sinnum á ári	0	0	0	0	0	0
Einu sinni til tvisvar í mánuði	0	0	0	0	0	0
Aðra hvora helgi, einn dag í senn	0	0	0	0	0	0
Aðra hvora helgi, tvo til þrjá daga í senn	0	0	0	0	0	0
Tvo daga í viku eða oftár	0	0	0	0	0	0
Barnið dvelur jafnt hjá föður og móður	0	0	0	0	0	0

Annað...

---

Breyttist umgengni eftir samkomutakmarkanir vegna COVID-19 tóku gildi?

	Barn 1	Barn 2	Barn 3	Barn 4	Barn 5	Barn 6
Já, dróst saman	0	0	0	0	0	0
Já, jókst	0	0	0	0	0	0
Nei, breyttist ekki	0	0	0	0	0	0

Viltu taka þátt í ítarlegri könnun seinni hluta júní?

- Já
- Nei

Hvaða tölvupóstfang má nota til að senda slóð á könnunina?

---

## 2. Seinni könnunin

Til auðkenningar

Vinsamlega gefðu upp tölvupóstfangið sem þú gafst upp þegar þú svaraðir fyrri hluta spurninganna á fedur.is

---

Ert þú ánægður með núverandi fyrirkomulag umgengni við barnið eða börnin?

- Já
- Nei
- Annað...

Úrskurður um umgengni

Hefur verið úrskurðað um umgengni í máli einhvers barna þinna? Hér er átt við úrskurð Sýslumanns eða í kjölfar dómsáttar eða dóms. Þegar þú svarar er þér frjálst að svara fyrir eitt eða fleiri börn.

---

Afskipti barnaverndar

Hefur barnavernd haft einhver afskipti af þér hvað varðar færni og getu þína til að sjá fyrir barninu? Hér er átt við tilkynningar og allskonar samskipti frá barnaverndarnefndum, óháð niðurstöðu málanna. Skýrðu frá í stuttu máli.

---

Veikindi föður

Hefur þú þurft að glíma við veikindi sem hafa gert þér erfiðara að sinna uppeldi barns eða barna þinna? Hér er átt við andleg veikindi, líkamleg og fíknisjúkdóma. Ekki er þörf á að skýra nánar frá, það er nóg að svara "Já" eða "Nei" nema þú viljir útskýra betur.

---

Ásýn barns

Hefur barnið lýst eindregnum mótþróa við umgengni við þig (föður)? Hér er líka átt við í aðstæðum þar sem ásýn barns á föður gæti verið lituð af dvöl þess á heimili móður.

---

Hefur þú áhuga á að vera til taks fyrir viðtalsrannsókn?

Haft verður samband í tölvupósti til að finna tíma sem hentar.

- Já
- Nei

### 3. Viðtalsvísir fyrir viðtöl við feður

Upplýsingar úr könnunum (fylla út fyrir viðtal) – email:

Barn	
Aldur	
Umgengni sl 12 mán	
Breyt. covid	
Ánægður með umgengni?	
Úrskurður	
Barnavernd	
Veikindi	
Ásýn barns	

#### Upplýsingaöflun

- Nafn viðmælenda
- Aldur
- Menntun
- Starf
- Búseta
- Samband við foreldra (skilin/gift etc)

#### Börn

- Skóli
- Búseta

#### Tímalína

Segðu mér frá sambandi þínu við barnsmóðurina og barnið?

- Sambandslengd fyrir fæðingu barns
- Sambúð?
- Eðli sambandsslita (var sök? eitthvað sem getur búið til ágreining síðar?)
- Samskipti við móður á meðgöngu
  - o Fór með í mæðravernd?
  - o Hvernig upplýsingar fékk faðir?
  - o Hvenær frétti hann af meðgöngu?
    - Og hvernig?
- Hver voru viðbrögð vina / fjölskyldu föður?
- Var forsjá, umgengni, fæðingarorlof, meðlag ákveðið fyrir fæðingu?

#### Beint eftir fæðingu



- Viðvera á fæðingardeild?
  - o Hvernig frétti faðir af fæðingu?
- Samvera með barninu fyrsta mánuðinn?
- „Pappírsvinna“ tengd forsjá, feðrun o.s.frv.
  - o Forsjá ákveðin? Eða gengið út frá 100%M?
- Fæðingarorlof? Ef já, þá:
  - o Hvenær?
  - o Sama tíma og móðir?
  - o Hvernig var umgengni háttað? Hvar?

#### Umönnun barnsins

- Skiptir á bleyju?
- Svæfa?
- Hugga?
- Gefa að borða?
- Hvað varstu að gera með barninu þegar þú hittir það?
- Var móðir viðstödd?
- Borgar þú meðlag? Ertu eða hefur verið með meðlagsskuld?

#### SPURNINGAR UM SAMSKIPTAFÆRNI

- Hvernig **nærðu** sambandi við barnið? Myndi það bera árangur? (Af hverju ekki?)
- Hvernig ferðu að því að afla þér upplýsinga um hagi og líðan barnsins? Myndi það bera árangur? (Af hverju ekki?)
- Hvernig upplifir þú það þegar móðir spyr um hagi barnsins?
- Hvern myndir þú spyrja ef eitthvað óvænt kæmi upp þegar barnið er í þinni umsjá? Hvernig viðbrögð myndir þú fá? Hvernig líður þér eftir það samtal?
  - o Barnið neitar að borða? Neitar að fara að sofa? setja upp senu?
- Hefur komið fyrir að umgengni er aflýst? Hvað gerðir þú þá? Hvernig var aflýsing tilkynnt? Hvernig var samtalið?
  - o Hefur þú aflýst? Hvað þá?
- Hver kaupir útiföt á barnið? Hvernig tekur þú í það þegar móðir barnsins biður þig um aukapening fyrir nauðsynjum? Hvernig fer samtalið?
- Hvað myndir þú gera ef barnið neitaði að koma í umgengni til þín?
- Hvaða máli skiptir þÚ sem pabbi þessa barns?

#### SPURNINGAR UM LAGALEGA ÞEKKINGU

- Vissir þú að þú hafðir rétt til þess að taka fæðingarorlof, þó það hafi verið háð samþykki móður?
  - Hver sagði þér frá?
- Vissir þú að það er réttur barnsins að umgangast báða foreldra sína, óháð forsjárstöðu?
- Vissir þú að þú átt rétt á munnlegum upplýsingum frá skóla, frístund, heilsugæslu og öðrum stofnunum um heilsu og félagslega líðan barnsins, en skriflega ef þið farið sameiginlega með forsjá barns?
- Vissir þú, að því gefnu að það samræmist aldri og þroska barns, að þú átt rétt á því að ákveða svefntíma, mataræði og félagsskap barns þíns á meðan það er í þinni umsjá, óháð forsjárstöðu?
- Hvert er hlutverk Sýslumanns?
- Hvert er hlutverk barnaverndarnefnda?

„Er eitthvað sem þér finnst vert að bæta við eða finnst þér við ekki hafa komið orði á eitthvað?“

Heimili metið af spyrjenda (eftir viðtal) með tilliti til stærðar, rými og aðbúnað barns.

## 5. Viðtalsvísir fyrir viðtal við barnavernd Kópavogs

### DÆMI:

- Sameiginleg forsjá, var jöfn umgengni en nú umgengnis- og forsjárdeila og ekkert samband við umgengnisforeldri.
- Unglingur með skólasókn upp á 20-50%, viðvarandi í a.m.k. 2 ár.
- Flyst um sveitarfélag á meðan meðferðaráætlun er enn í gangi.
- Einkenni þunglyndis og mótþrói við lögheimilisforeldri kemur í ljós hjá sálfræðing.
- Umgengnisforeldri sækist eftir því að þessu er fylgt eftir en er meinaður aðgangur að gögnum.
- Hvað felur slíkt meðferðarúrræði í sér ef við gefum okkur að um er að ræða einkenni þunglyndis og skort á samstarfsvilja lögheimilisforeldris?
- Væri í þessu máli lagt í forsjárhæfnismat foreldra til að kanna möguleikann á að barn dveljist hjá umgengnisforeldri?
- Myndi þessi slæma skólasókn og mótþrói barns gagnvart lögheimilisforeldri koma fram í matsskýrslu sem yrði lögð fram fyrir dómi?
  - En ef skólasókn hefði verið góð þegar barn dvaldi hjá umgengnisforeldri?

Hvað finnst þér að ætti að gera til að stuðla að umgengni barna við foreldra sína á meðan mál þeirra er unnið hjá Sýslumanni m.t.t. þess tíma sem tekur að bíða eftir sáttameðferð þar?

## 6. Viðtalsvísir fyrir viðtal við barnavernd Reykjavíkur

- Aðför til að koma á umgengni – hvernig fer það fram og væru rök fyrir því að leggja það niður vegna þess hve erfitt það reynist barni?
  - Hvað er gert ef foreldri, með neikvæðu tali í garð umgengnisforeldris, stuðlar að því að aðför reynist því erfið? (Hrd 454/2010)

### DÆMI:

- Sameiginleg forsjá við sambúðarslit þegar barn A er 7 ára og barn B 11 ára.
- Jöfn umgengni skv. samningi og góð tengsl barna við foreldra. Búa nálægt hvort öðru.
- Barn B, nú 17 ára, segir frá kynferðisofbeldi sem átti sér stað fyrir nokkrum árum af hendi umg. foreldri og síðar bætir við þetta líkamlegu ofbeldi (nýlegu) hjá sálfræðingi.
- Hættir sálfræðitímum vegna þess að barni leist ekki á fyrirkomulag þeirra (tíma eða staðsetningu)
- Neitar viðtali í Barnahúsi og þar með er máli lokið.
- Má barn taka ákvörðun um að halda ekki áfram með mál eða draga frásögn sína til baka?
- Er máli lokið vegna þess að barn neitar viðtali í Barnahúsi?
- Trompar sjálfstjórnunarréttur það að barnavernd vilji hjálpa því að leysa úr ofbeldissögu foreldris m.t.t. þess að annað barn sækir enn reglulega umgengni við umgengnisforeldri?
- Má barn ákveða að sækja ekki sálfræðiaðstoð?

### DÆMI:

- Foreldrar slíta sambúð þegar barn er 4 mánaða
- Móðir sýndi einkenni fæðingarþunglyndis og lokar alfarið á samskipti við föður.
- Forsjárdeila fyrir dómi eftir að móðir mætti ekki í sáttameðferð
- Barnavernd mat föður sem hæfan til að fara með lögheimili og forsjá.
- Umgengni komið á einu sinni í viku skv. dómsúrskurði ári síðar.
- Hvað þarf til þess að barnavernd skipti sér af svoleiðis málum?
- Hefur barnavernd eitthvað að segja í máli sem slíku, geta þau ráðlagt að foreldri fái lögheimili og hvaða afleiðingar hefur það í för með sér fyrir dómi?
- Getur foreldri svipt annað foreldri óáreið umgengni þrátt fyrir sameiginlega forsjá?
  - Á að tilkynna svoleiðis?

### DÆMI:

- Sameiginleg forsjá, var jöfn umgengni en nú umgengnis- og forsjárdeila og ekkert samband við umgengnisforeldri.
- Unglingur með skólasókn upp á 20-50%, viðvarandi í a.m.k. 2 ár.
- Flyst um sveitarfélag á meðan meðferðaráætlun er enn í gangi.

- Einkenni þunglyndis og mótþrói við lögheimilisforeldri kemur í ljós hjá sálfræðingi.
- Umgengnisforeldri sækist eftir því að þessu er fylgt eftir en er meinaður aðgangur að gögnum.
- Hvað felur slíkt meðferðarúrræði í sér ef við gefum okkur að um er að ræða einkenni þunglyndis og skort á samstarfsvilja lögheimilisforeldris?
- Væri í þessu máli lagt í forsjárhæfnismat foreldra til að kanna möguleikann á að barn dveljist hjá umgengnisforeldri?
- Myndi þessi slæma skólasókn og mótþrói barns gagnvart lögheimilisforeldri koma fram í matsskýrslu sem yrði lögð fram fyrir dómi?
  - En ef skólasókn hefði verið góð þegar barn dvaldi hjá umgengnisforeldri?

#### DÆMI:

- Lögheimilisforeldri fer með lögheimili þriggja barna, A, B og C.
- Á börn A og B með fyrrum maka D en barn C með fyrrum maka E.
- Umgengnisforeldri barns C man eftir því að lögheimilisforeldri hafði talað eins og börn A og B vildu ekki fara til D en þau ekki sýnt því nein merki.
- Nú segir lögheimilisforeldrið barn C ekki vilja fara í umgengni til E.
- E, sem og öll fjölskylda E hefur verið bönnuð á öllum miðlum í nafni barns C sem og bönnuð frá því að hringja í síma barnsins.
- Barn C segir hjá sálfræðing að það vilji aukin samskipti við umgengnisforeldri þvert á meiningar lögheimilisforeldris.
- Sálfræðingar staðfesta að lögheimilisforeldri yfirfæri kvíða á barn.
- Lögheimilisforeldri lokar máli hjá Sýslumanni og neitar frekari samstarfi til að koma á umgengni.
- Er þetta barnaverndarmál þar sem telst bæði sannað hér að lögheimilisforeldri brýtur á rétti barns til að njóta umgengni við foreldra sína sbr. Barnasáttmála sem og 46. gr. a og 2. mgr. 46. gr. Barnalaga nr. 76/2003?
- Getur barnavernd aðhafst í þessu máli fram yfir það sem Sýslumaður getur (ekki)?
- Hvaða aðstoð er hægt að bjóða lögheimilisforeldri hér?

#### DÆMI:

- Sameiginleg forsjá en lögheimili barns er erlendis.
- Barn kemur til Íslands með umgengnisforeldri og skv skriflegum samning í gegnum tölvupóst átti barn að eyða hátíð með umgengnisforeldri.
- Umgengni stenst ekki og umgengnisforeldri er ekki hleypt inn í húsnæði ættingja lögheimilisforeldri, þar sem barn er.
- Lögregla kölluð til og fulltrúi barnaverndar mætir einnig.
- Ekkert barnaverndarmál opnað.

- Ef barn á lögheimili erlendis en umgengnisforeldri héraendis, er þá ekki hægt að opna barnaverndarmál á Íslandi?
- Af hverju kom barnavernd á staðinn? Er það venjan þegar börn eiga í hlut?
- Hver er réttur umgengnisforeldris í svona aðstæðum?

## 7. Viðtalsvísir fyrir viðtal við fulltrúa sýslumanns

Hver er munurinn á sáttameðferð og sérfræðimeðferð og hver er tilgangurinn með því síðarnefnda í málum þar sem sáttameðferð hefur ekki borið árangur?

Er dæmi um það að Sýslumaður hafi synjað um staðfestingu umgengnissamnings því hann þjónar ekki hagsmunum barns?

Af hverju þá?

Hvernig úrskurðar Sýslumaður um umgengni ef tengsl barns við annað foreldri hafa minnkað vegna ítrekaðra umgengnistálmana og ljós er vanvilji lögheimilisforeldris til þess að koma á umgengni?

Er dæmi um þetta?

Hvernig geta foreldrar samið um að meðlag sé ekki innheimt en kostnaði sé deilt innan núverandi lagaramma?

Er deildur kostnaður tekinn til greina þegar Innheimtustofnun sækir meðlag aftur í tímann?

Eru foreldrar hvattir til þess að samþykkja sameiginlega forsjá við sambúðarslit?

Hverjar eru algengar ástæður fyrir því að annað foreldri fer eitt með forsjá barns ef áætlanir um umgengni eru til staðar?

Ef foreldri leggur fram kærú á hendur hins foreldrisins fyrir ofbeldi, er það tekið sem gild ástæða fyrir því að hindra umgengni?

Ef já, hversu lengi?

Hverjar eru ástæður fyrir því að hafna kröfu um dagsektir?

Hvað er hægt að gera í dæmum þar sem kröfu um dagsektir er hafnað vegna þess að það er ekki talið leiða til umgengni, eða er það yfir höfuð gert?

Kemur það niður á umgengnisforeldri að leita ítrekað eftir því að réttur barns þess til að þekkja og umgangast báða foreldra sína sé virtur?

Ýttni, hringja oft, biðja lögheimilisforeldri um umgengni oft, þetta hefur leitt t.d. til þess að lögheimili stimpli þetta áreiti og dragi úr samstarfsvilja hvað varðar umgengni.

Hverjar eru afleiðingar þess ef lögheimilisforeldri hundsar ítrekið skyldu sína til þess að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt sbr. 2.mgr.46.gr. barnalaga nr. 76/2003?

### DÆMI:

- Foreldrar slíta sambúð þegar barn er 4 mánaða
- Móðir sýndi einkenni fæðingarþunglyndis og lokar alfarið á samskipti við föður.
- Forsjárdeila eftir að móðir mætti ekki í sáttameðferð
- Barnavernd mat föður sem hæfan til að fara með lögheimili og forsjá.
- Umgengni komið á einu sinni í viku skv. dómsúrskurði ári síðar.
- Umgengni hefur verið stöpul, dæmi um að barn mæti ekki í dagvistun þegar umgengni hefur verið ákveðin

- Hver eru rökin fyrir því hér að dæma umgengni aðeins einu sinni í viku þrátt fyrir að sýnt hefur verið fram á einbeittan brotavilja móður?
- Af hverju má ekki dæma föður lögheimili í slíku máli?
- Hvað þarf til þess að foreldri sé úrskurðað lögheimili í málum þar sem það er greinilegt að lögheimilisforeldri stuðlar ekki beint að umgengni?

DÆMI:

- Liðsinni til að koma á umgengni er reynd
- Efasemdir um árangur frá móður, gremja við langa bið frá föður.
- Stöpul umgengni í meira en 5 ár
- Móðir gerir kröfur um þolinmæði föður en seinkar umgengni trekk í trekk
- Liðsinni ber ekki árangur og telst fullreynt
- Móðir talar illa um föður í viðurvist barns og sérfræðings
- Er ekkert úrræði til staðar til að leysa úr vandanum hér sem hefur verið sýnt fram á að er að stórum hluta vegna umtals móður?

DÆMI:

- Foreldrar í umgengnisdeilu, hefur verið jöfn umgengni í meira en 4 ár
- Lögheimilisforeldri segir barn ekki vilja fara til umgengnisforeldris lengur
- Barn eldra en 13 ára segist í viðtali sem hluti af sáttameðferð vilja hitta umgengnisforeldri
- Í beinu framhaldi hættir lögheimilisforeldri að mæta í sáttameðferð og henni lokið án árangurs
- Af hverju mætir lögheimilisforeldri engum afleiðingum hér?
- Er þetta mál sem varðar barnavernd þar sem sýnt hefur verið fram á brotavilja lögheimilisforeldris?

DÆMI:

- Góð samvinna foreldra eftir skilnað og góð tengsl barns við umgengnisforeldri.
- Sameiginleg forsjá.
- Lögheimilisforeldri flytur til útlanda en umgengnisforeldri samþykkir flutning til eins árs.
- Lögheimilisforeldri býr lengur í útlöndum og umgengnisforeldri fær þau svör að ekkert sé hægt að gera í málinu þar sem flutningurinn var með samþykki.
- Umgengni við barnið í skólafríum en umgengnisforeldri þarf að „gera eitthvað í staðinn“ og barnið er oft ekki allan umsaminn tíma hjá umgengnisforeldri.



- Lögheimilisforeldri hefur flutt innanlands en umgengnisforeldri þarf að leita upplýsinga hjá barni og svo skólum af eigin frumkvæði til að fá upplýsingar.
  - Tengsl barns og umgengnisforeldri bersýnilega minni en þau voru.
- Hvernig má það vera að foreldri getur gengið gegn umsömdum samningi um tímabundinn flutning lögheimilis án afleiðinga?
- Má lögheimilisforeldri flytja innan útlanda án þess að fá samþykki hins foreldris?
- Væri hægt að beita dagsektum hér í þeim dæmum þegar umsamin umgengni á Íslandi stenst ekki?

## 8. Upplýst samþykki vegna viðtala við starfsmenn

Nýsköpunarsjóðsverkefni: Feður sem ekki hafa deilt lögheimili með börnum sínum

Markmiðið með rannsókninni er að öðlast skilning á því hvernig haga má fræðslu til feðra sem ekki deila lögheimili með börnum sínum til þess að auðvelda þeim að taka aukinn þátt í umönnun barna sinna. Rannsóknin er styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Rannsakandi er Nína Eck, BA nemi við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og umsjóna- og ábyrgðamenn verkefnisins eru Dr. Ingólfur V. Gíslason prófessor við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands (ivg@hi.is) og Dr. Guðný Björk Eydal prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands (ge@hi.is).

Fyllsta trúnaðar verður gætt við vinnslu gagna og birtingu niðurstaðna. Nöfnum viðmælenda, staðarheitum og öðrum persónugreinanlegum upplýsingum er breytt þegar vitnað er til viðtalanna og afrituð viðtöl verða vistuð á lokuðu heimasvæði ábyrgðarmanna við Háskóla Íslands. Viðtölin verða hljóðrituð og síðar afrituð af nemanda. Niðurstöður verða notaðar til undirbúnings fræðsluefnis og gerð lokaskýrslu til Nýsköpunarsjóðs og mögulega vegna ritunar fræðigreinar.

Upplýst samþykki vegna rannsóknar

Ég undirritaður samþykki hér með að taka þátt í rannsókninni, án greiðslu eða umbunar. Ávinningur minn af þátttöku í rannsókninni felst í því að fá tækifæri til að ræða reynslu mína og upplifun. Ég treysti því að farið verði með allar persónuupplýsingar og skráningu þeirra í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Þá áskil ég mér þann rétt að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem er og án fyrirvara.

---

Staður og dagsetning

---

Þátttakandi  
(má setja merki í stað nafns)